

# UMFÍ

**40. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR**

# ÁRSSKÝRSLA UMFÍ

40. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR

# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS . . . 7
STJÓRN UMFÍ . . . 8
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ . . . 9
STARFSFÓLK . . . 10
49. SAMBANDSÞING UMFÍ . . . 13
VORFUNDUR UMFÍ . . . 13
19. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ . . . 14
6. LANDSMÓT UMFÍ 50+ . . . 18
LAUGAR . . . 20
EVRÓPA UNGA FÓLKSINS . . . 22
HREYFIVIKA UMFÍ . . . 24
FORVARNIR OG LÝÐHEILSA . . . 26
UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI . . . 28
ÖNNUR STARFSEMI . . . 30
SKINFAXI . . . 32
ERLEND SAMSKIPTI . . . 34
NEFNDIR . . . 36
LOTTÓ . . . 38
HEIÐRANIR . . . 42
VIÐURKENNINGAR . . . 44
SJÓÐIR UMFÍ . . . 48
LÖG UMFÍ . . . 52
ÁRSREIKNINGUR . . . 56
LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI . . . 68
SAMBANDSAÐILAR . . . 70




JAKO

# ÁVARP FORMANNS UMFÍ



Ágætu ungmennafélagar.

Skýrsla Ungmennafélags Íslands endurspeglar að stjórn og starfsfólk hreyfingarinnar hafa unnið að áherslubreytingum á því ári sem liðið er frá því við hittumst á sambandsþingi UMFÍ í Vík í Mýrdal fyrir ári. Breytingarnar miða að því að skerpa á hlutverki og framtíðarsýn ungmennafélagshreyfingarinnar með hagsmuni félagsmanna og hreyfingarinnar allrar að leiðarljósi. Breytingarnar sýna að ungmennafélagshreyfingin er síung og ævinlega tilbúin að skoða alla þá möguleika sem fyrir hendi eru til að koma málefnum sínum og félagsmanna á framfæri og efla hreyfinguna og samvinnuna innan hennar. Við höldum áfram á þeirri leið.

Fyrir ári voru drög að stefnumótun kynnt fyrir sambandsaðilum UMFÍ. Eftir það hefur mikil vinna verið lögð í verkið. Afrakstur stefnumótunar UMFÍ er nú til umfjöllunar, á þessum 40. sambandsráðsfundi UMFÍ. Það er mér hjartans mál að sambandsaðilar UMFÍ samþykki stefnuna svo að stjórn og starfsfólk geti miðað vinnu sína við hana og horft til lengri tíma í verkefnum sínum. Þegar stefna UMFÍ hefur hlotið samþykki sambandsaðila er mikilvægt að hún verði öllum aðgengileg, jafnt hvar sem er og hverjum sem er.

Mikill tími og mikil vinna hefur farið í að leysa vandamál tengd málefnum Þrastalundar. Málið er nú komið í ásættanlegan farveg. Samskipti við nýja eigendur Þrastalundar eru góð og mikilvægt að svo verði áfram þar sem UMFÍ á landið. Þetta er erfðafestuland, sem að hluta er leigt undir Þrastalund. Nýr veitingastaður hefur verið opnaður í Þrastalundi, fyrirhugað að endurvinna tjaldsvæðið auk þess sem ráðgert er að byggja þar hótel.

Fjárhagsstöðu samtaka okkar tel ég vera góða, að minnsta kosti ásættanlega. Við sölu Þrastalundar lækkuðu skuldir verulega þótt enn séu þær umtalsverðar. Það veldur þó áhyggjum varðandi rekstur UMFÍ, að ekki hefur tekist að ná ríkisframlagi til okkar í sömu styrkupphæð og var fyrir svokallað hrun, það er árið 2008. Ríkisframlagið hefur þó lítillega hækkað síðustu tvö ár. Enn vantar þó verulega upp á til að framlagið verði jafn hátt og áður. Við fögnum auðvitað þeim fjármunum sem hið opinbera veitir til okkar og reynum að nýta þá sem allra best í þágu sambandsaðila okkar og samfélagsins í heild. Það er nú einu sinni þannig, og hefur lengi verið vitað, að þeim peningum sem varið er til íþrótta- og æskulýðsstarfssemi er vel varið og mikilvægt að hið opinbera sé í vissu um að sú sé raunin.

Ungmennafélagshreyfingin er borin uppi af sjálfboðaliðum og er það mjög mikilvægt samfélaginu að styrkja starfsemi sem er borin uppi af fólki sem gefur tíma sinn og orku til að leggja hönd á plóg til að gera gott starf betra. Innan hreyfingar okkar er lögð rík áhersla á æskulýðsstarf og þátttöku breiðs hóps fólks í hreyfingu á mismunandi aldurskeiði. Til að það takist þarf að virkja fólk til sjálfboðaliðastarfa.

Ungmennafélagshreyfingin vinnur að því að bæta lýðheilsu fólks ævina á enda. Áherslan felst í forvörnum sem er liður í því að seinka eða forða einstaklingum frá því að neyta áfengis og tóbaks – og vonandi fíkniefna – til frambúðar. Í hnotskurn má því segja að sjálfboðaliðar taki þátt í því að ungmenni fari síður út af sporinu í lífinu á viðkvæmum aldri og fái betra tækifæri en ella til að lifa heilsusamlegu lífi jafn andlega sem líkamlega.

Ég hef oft nefnt að lýðheilsa Íslendinga er ekki góð. Henni hefur hrakað verulega. Nauðsynlegt er að grípa í taumana og snúa þróuninni til betri vegar. Samtök okkar eru tilbúin að taka þátt í að efla lýðheilsu fólks með samvinnu við hið opinbera. Við stöndum fyrir ýmsum verkefnum og mikilvægt er að auka samvinnu við aðra sem standa að slíkum verkefnum. Þá hef ég oft bent á að stjórnvöld þurfa að sýna meiri vilja til að vinna með UMFÍ til að bæta og efla lýðheilsu landsmanna. Það léttir álagið á heilbrigðiskerfinu og bætir hag samfélagsins.

Eins og flestir vita er markmið Ungmennafélags Íslands „Ræktun lýðs og lands". Umhverfisvernd á Íslandi er hreyfingunni því hugleikin enda höfum við í gegnum tíðina staðið að mörgum góðum umhverfisverkefnum, auk þess að vekja fólk til vitundar um umhverfi sitt og náttúru. En gott verk má alltaf bæta. Ungmennafélagshreyfingin vill vinna með hinu opinbera að fleiri góðum verkefnum sem lyfta náttúru landsins á stall.

Af ofansögðu er ljóst að samvinna með ungu fólki er eitt af mikilvægustu verkum ungmennafélagshreyfingarinnar. Við þurfum að leita leiða til að auka hana enn frekar, stækka hlut ungs fólks innan hreyfingarinnar og láta rödd ungu kynslóðarinnar heyrast.

Ég legg til að komið verði á fót ungmennaráðum sem víðast en ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði" er gott dæmi um góða vinnu með ungu fólki sem skilar árangri. Þá hef ég oft talað um mikilvægi þess að vinna meira með skólasamfélaginu. Útfærslan á því getur falist í því að útvega skólanemendum rannsóknarverkefni sem nýtast ungmennafélagshreyfingunni. Um leið og UMFÍ opnar skólasamfélaginu dyr að verðmætum tengiliðum og fjársjóði til heilsueflingar styrkjum við tengingu ungmennafélagshreyfingarinnar við yngra fólk, fólk sem við viljum vinna með og vinna fyrir. Grasrótin og sjálfboðaliðar ungmennafélagshreyfingarinna eru lykillinn að árangri. Við þurfum að styðja betur við hana  þar er framtíðin.

Ég tel því að framtíð okkar í UMFÍ sé björt. Við í hreyfingunni þurfum samt að vinna áfram markvisst að því að kynna ungmennafélagshreyfinguna, störf okkar, sjónarmið og langtímamarkmið. Það er gott eilífðarstarf enda er lýðheilsa þjóðarinnar undir. Í hreyfingunni er gott fólk með ýmsar hugmyndir og leiðir til þess. Ungmennafélagshreyfingin nær um allt land. Mikilvægt er að við stöndum saman að því að styðja við og efla eins og kostur er sambandsaðilana um landið allt því að saman erum við sterkust.

Stöndum saman og höfum gaman.<br>
Haukur F. Valtýsson, formaður

# STJÓRN UMFÍ 2015 – 2017



Haukur Valtýsson
**Formaður**



Örn Guðnason
**Varaformaður**



Hrönn Jónsdóttir
**Ritari**



Helga Jóhannesdóttir
**Gjaldkeri**



Björn Grétar Baldursson
**Meðstjórnandi**



Ragnheiður Högnadóttir
**Meðstjórnandi**



Gunnar Gunnarsson
**Meðstjórnandi**



Kristinn Óskar Grétuson
**Varastjórn**



Guðmundur Sigurbergsson
**Varastjórn**



Þorgeir Örn Tryggvason
**Varastjórn**



Sigurður Óskar Jónsson
**Varastjórn**

# ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og aðildarfélögum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda og fleira.

Í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, ritstjóri og kynningarfulltrúi UMFÍ, Sabína St. Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ, og Guðbirna K. Þórðardóttir, fulltrúi UMFÍ.

UMFÍ rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ.

UMFÍ rekur einnig skrifstofu Evrópu unga fólksins (EUF) sem er með aðstöðu í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Þar starfa Anna R. Möller, forstöðumaður EUF, Hjörtur Ágústsson kynningarfulltrúi og Helga Dagný Árnadóttir verkefnastjóri.

Landssamband eldri borgara (LEB) er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ. Haukur Ingibergsson er formaður LEB. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) er jafnframt með aðstöðu í þjónustumiðstöðinni.

Fræðsla og forvarnir eru einnig með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ og er Árni Einarsson framkvæmdastjóri þeirra.

UMFÍ rekur Ungmenna- og tómstundabúðirnar Laugar í Sælingsdal. Anna Margrét Tómasdóttir er forstöðukona búðanna. Jörgen Nilsson er tómstundaleiðbeinandi þar, Gunnar Már Gunnarsson tómstundaleiðbeinandi, Hrönn Jónsdóttir tómstundaleiðbeinandi, Tomas Hub tómstundaleiðbeinandi, Marta Sigurðardóttir matráður og Céline Castel sér um aðstoð í eldhúsi og ræstingu.






## STARFSFÓLK UNGMENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐANNA AÐ LAUGUM Í SÆLINGSDAL

Anna Margrét Tómasdóttir, forstöðukona
Jörgen Nilsson, tómstundaleiðbeinandi
Gunnar Már Gunnarsson, tómstundaleiðbeinandi og starfsmaður Sælingsdalslaugar
Hrönn Jónsdóttir, tómstundaleiðbeinandi
Marta Sigurðardóttir, matráður
Vladimir Babic, tómstundaleiðbeinandi
Céline Castel, matráður
Tomáš Hub, tómstundaleiðbeinandi







# STARFSFÓLK UMFÍ





## EVRÓPA UNGA FÓLKSINS (EUF)

Anna R. Möller, forstöðumaður
Helga Dagný Árnadóttir, verkefnastjóri
Hjörtur Ágústsson, kynningarfulltrúi

## STARFSFÓLK Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri
Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi
Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi
Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri
Guðbirna K. Þórðardóttir, fulltrúi



## 49. SAMBANDSÞING UMFÍ

Dagana 17.-18. október 2015 fór fram 49. sambandsþing Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Þingað var á Icelandair Hótel í Vík í Mýrdal. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, sagði í setningarræðu sinni að ungmennafélagshreyfingin ynni enn í anda þeirra markmiða sem hreyfingin setti sér í upphafi og kristallast í yfirmarkmiðinu „Ræktun lýðs og lands" og þannig væri hreyfingin síung. Helga benti reyndar á, að þótt hreyfingin væri trú grunnstefi sínu megi hún ekki falla í þá gryfju að engra breytinga sé þörf og hún yrði ávallt að vera vakandi og nýta tækifærin hreyfingunni til hagsbóta. Í ræðunni tilkynnti Helga Guðrún að hún gæfi ekki kost á sér lengur sem formaður UMFÍ. Þakkaði hún fyrir samstarfið í þau 18 ár sem hún hefði setið í stjórn, sagðist stolt af verki sínu, verkefnastaðan væri góð, fjárhagur góður og andinn í hreyfingunni sömuleiðis.

Á þinginu flutti Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, skýrslu stjórnar. Hún sagði ungmennafélögum hafa fjölgað um 7% frá þinginu á undan og fjölmennasta hópinn á Unglingalandsmótinu 2015 hafa verið 15 ára drengi. Um leið og það væri gleðiefni, væri það áhyggjuefni að stúlkur væru færri í öllum aldurshópum. Auður kom inn á rekstur Evrópu unga fólksins (EUF) sem þá hafði þurft að skila rúmum 29 milljónum króna aftur til Evrópusambandsins þar sem ekki tókst að nýta styrkféð. Hvatti hún sambandsaðila UMFÍ til að nýta sér möguleikana sem fælust í EUF.

## INNGANGA ÍÞRÓTTABANDALAGA

Á þinginu var samþykkt tillaga vinnuhóps sem skipaður var á 48. sambandsþingi UMFÍ, um að hefja vinnu við inntöku íþróttabandalaga í UMFÍ. Stjórn UMFÍ var falið að undirbúa inntökuna með því að skipa nefnd sem endurskoðar lög UMFÍ, lottóreglugerð, þar sem sambandsaðilar UMFÍ óttast að lottófé til þeirra muni skerðast verulega við inntöku íþróttabandalaga, og aðra þætti sem taka þarf tillit til. Gert er ráð fyrir því að atkvæðagreiðsla um inntöku íþróttabandalaga verði á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017.

## STJÓRNARKJÖR

Haukur Valtýsson var á þinginu kosinn formaður UMFÍ með 99 atkvæðum þeirra 107 þingfulltrúa sem kusu. Átta voru í kjöri. Kosin í stjórn voru: Örn Guðnason (HSK), Hrönn Jónsdóttir (UMSB), Ragnheiður Högnadóttir (USVS), Gunnar Gunnarsson (UÍA), Helga Jóhannesdóttir (UMSK) og Björn Grétar Baldursson (HSÞ).

## VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 21. maí í þjónustumiðstöð UMFÍ. Á fundinn mættu framkvæmdastjórar og formenn sambandsaðila UMFÍ auk stjórnar. Á fundinum flutti Sævar Kristinsson, sérfræðingur hjá KPMG, erindi um framtíð íþróttamála og Fjalar Sigurðarson, markaðsstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, erindi um mikilvægi upplýsingagjafar frá ýmsum hliðum.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti vorfundinn og bauð gesti velkomna. Auk erinda þeirra Sævars og Fjalars ræddi Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, um stefnumótun ungmennafélagshreyfingarinnar. Sú vinna hefur staðið yfir í nokkur misseri og var hún þá langt komin. Þá gerði Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, grein fyrir Hreyfivikunni, sem varvikuna á eftir vorfundinum. Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóta UMFÍ, fór yfir næstu Landsmót og nefndi sérstaklega næsta Landsmót UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki 2018. Mótið verður geysistórt enda bætist við það Landsmót UMFÍ 50+ þess árs. Ráð er gert fyrir miklum fjölda þátttakenda og verða ýmsar nýjungar í boði.

## NÁÐ TIL ALLRA HÓPA SAMFÉLAGSINS

Auður Inga sagði á fundinum stutt í að vinnu ljúki við stefnumótun UMFÍ. Í stefnumótunarvinnunni er rammað inn að UMFÍ eigi að efla þátttöku fólks á öllum aldri í íþróttum. Það verði gert með bættri þjónustu við sambandsaðila og aðildarfélög, koma eigi á skipulögðum heimsóknum og bæta þjónustuna við grasrótina. Samvinna og samskipti er lykilhugtak í stefnumótun UMFÍ. Í samræmi við það eigi UMFÍ að hafa frumkvæði að aukinni samvinnu og samskiptum við íþróttahreyfinguna, samtök í æskulýðs- og lýðheilsustarfi, koma skuli á aukinni samvinnu við háskólasamfélagið og stjórnvöld, efla tengslanetið við sambandsaðila UMFÍ og kalla eftir markvissari samvinnu við erlendu systurfélögin DGI og ISCA. Þá er horft til þess að UMFÍ verði leiðandi afl í þjóðfélaginu og vaxandi fjöldahreyfing sem leggi áherslu á að skipta máli fyrir einstaklinga og samfélag. Sérstök áhersla er lögð á að ná til allra hópa samfélagsins, ungmenna, eldri borgara og ekki síst jaðarhópa með fræðslu og forvörnum að leiðarljósi.

**UMFÍ**
**29**
**SAMBANDSAÐILAR**
**160.964**
**FÉLAGSMENN**
**↑ 16,5% FRÁ 2015**

53% 47%


HENSON
HENSON
KE PRO
KE PRO

# 19. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

## 2016 Í BORGARNESI

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016. Þetta var 19. Unglingalandsmótið og var mótshaldarinn Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB).

Nefnd Unglingalandsmótsins skipti með sér verkum og hófst vinna við það af krafti árið 2015 enda verkefnin ærin. Eva Hlín Alfreðsdóttir var ráðin verkefnastjóri en Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ mótsins, var framkvæmdastjóri nú sem undanfarin ár.

Mikið var lagt í undirbúning Unglingalandsmótsins enda eru mótsgestir mörg þúsund og hefur það áhrif á daglegt líf bæjarbúa. Til að upplýsa bæjarbúa og aðstoða verslunareigendur við undirbúning var haldinn íbúafundur sem auglýstur var með góðum fyrirvara. Góð mæting var á fundinn. Mótið var auglýst í öllum helstu fjölmiðlum. Bryddað var upp á þeirri nýjung að búa til stórt auglýsingaspjald sem sett var við dvalarheimilið Brákarhlíð, til móts við Borgarnesbrúna og blasti það við fólki þegar það kom inn í bæinn nokkrum vikum áður en mótið hófst.

Nauðsynlegt þótti að hefja móthaldið fimmtudaginn 28. júlí og var því slitið um miðnætti á sunnudeginum 31. júlí.

Keppendur voru 1314, á aldrinum 11–18 ára, 756 strákar og 558 stúlkur. Flestir keppendur voru frá Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK) eða 192 en næstflestir frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK) eða 163. Flestir keppendur voru 13 ára eða 256 talsins. Fæstir voru í hópi 18 ára keppenda en þeir voru 30. Á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi kepptu flestir í knattspyrnu og frjálsum íþróttum.

## KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru: Fjallahjólreiðar, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hestaíþróttir, knattspyrna, körfubolti, mótocross, ólympískar lyftingar, skák, skotfimi, stafsetning, stígvélakast, sund og upplestur.

## UNGLINGALANDSMÓTSNEFND

Nefndin var þannig skipuð: Sólrún Halla Bjarnadóttir formaður, Kristín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Páll Brynjarsson, Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir, Hrafnhildur Tryggvadóttir, Kristján Finnur Kristjánsson, Ingunn Jóhannesdóttir, Margrét Halldóra Gísladóttir, Agnes Guðmundsdóttir og Hrönn Jónsdóttir.





### Aldursskipting þátttakenda 2014 – 2016 á ULM




### Þátttaka drengja og stúlkna eftir mótum




### Fjölmennustu greinarnar 2011 – 2016




Aðeins var keppt í strandblaki á Landsmótum 2013, 2014 og 2015



# 19. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

## 2016 Í BORGARNESI

### GÖTUFÓTBOLTI SLÓ Í GEGN

Fjölmargar keppnisgreinar voru í boði og einnig afar fjölbreytt og metnaðarfull afþreyingardagskrá.

Keppt var í fimmtán greinum. Þar af voru íþróttir fatlaðra og kynning á ýmsum íþróttum á borð við pílukast. Þeir Peter Licht og Omid Hosseinkani komu líka frá Copenhagen Panna House í Danmörku og sýndu listir sínar í götufótbolta, bæði við setningu mótsins og á mótsdögum.

Boðið var upp á heilmikla afþreyingu fyrir mótsgesti alla dagana sem mótið stóð yfir. Sumarfjör var í Skallagrímsgarði, sprelligosaklúbbur fyrir yngstu gestina, spjótkastseinvígi, sundmót fyrir 10 ára og yngri og fjallahlaup. Mjög þétt dagskrá var í stóru samkomutjaldi á tjaldsvæðinu. Þar komu fram vinsælar hljómsveitir og tónlistarmenn á borð við Diktu, bræðurna Jón Jónsson og Friðrik Dór, Úlf Úlf og Emmsjé Gauta. Þeir sömu og tróðu upp í samkomutjaldinu ferðuðust um landið sömu helgi og komu fram á skemmtunum og tónleikum víða um verslunarmannahelgina.

Keppnin gekk yfir höfuð vel og það sama má segja um alla dagskrá mótsins.

Tjaldsvæði keppenda var töluvert frá aðalkeppnissvæðinu. Til að forðast troðning og draga úr slysahættu hafði löngu fyrir Landsmót verið ákveðið að loka götum í gamla bænum í kringum íþróttasvæðið. Boðið var upp á órar rútuferðir frá tjaldsvæðinu að keppnissvæðum svo mótsgestir þyrftu ekki að fara á bílum sínum.

### FÓTBOLTINN

Þeir Peter Licht og Omdi Karbalaie komu frá Copehagen Panna House í Danmörku og kynntu götufótbolta fyrir mótsgestum. Götufótbolti hefur notið mikilla vinsælda og hefur Licht ferðast víða um heim til að kynna íþróttina. Fótboltinn þarf eins og nafnið gefur til kynna ekki mikið pláss. Völlurinn var fyrir framan sundlaugina á íþróttasvæðinu í Borgarnesi. Ávallt var röð við völlinn bæði laugardag og sunnudag og voru þeir Licht og Karbalaie einstaklega duglegir við að kenna og leiðbeina gestum yfir mótshelgina. Licht nefndi það sérstaklega undir mótslok að enginn átroðningur eða vesen var á börnum sem vildu spila götufótbolta. Þau sáu sjálf um að muna hverjir væru næstir í röð í leikinn og leystu sín á milli úr þeim vandamálum sem upp komu.











# 6. LANDSMÓT UMFÍ 50+

## 2016 Á ÍSAFIRÐI

Árið 2016 var sjötta Landsmót UMFÍ 50+ haldið á Ísafirði dagana 10. – 12. júní. Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) var mótshaldari. Undirbúningur fyrir mótið hófst árið 2014 og var landsmótsnefnd þá skipuð. Nefndin samanstóð af fulltrúum HSV, eldri ungmennafélögum, fulltrúum sveitarstjórnar og UMFÍ. Auður Inga Þorsteinsdóttir var fulltrúi UMFÍ í nefndinni en Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri í nafni Ísafjarðarbæjar.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ, hélt um alla þræði og stýrði undirbúningi og framkvæmd mótsins. Þetta var í annað sinn sem hann gerði það ásamt Flemming Jessen. Ingólfur Sigfússon sá sem fyrr um tæknilega hlið landsmótsins, skráningarkerfið og birtingu úrslita. Birna Jónasdóttir var ráðin verkefnastjóri mótsins við hlið Ómars Braga.

Undirbúningsvinnan gekk ágætlega og lágu drög að dagskrá mótsins nokkuð tímanlega fyrir. Keppnisgreinar voru fjölbreyttar og endurspegluðu að einhverju leyti áhuga og iðkun heimamanna. Keppnin gekk vel fyrir sig í alla staði og var almenn ánægja keppenda með keppnishaldið.

Landsmót UMFÍ 50+ hófst eins og venja er á föstudegi og því lauk á sunnudegi. Mótið var sett á fyrsta degi. Bryddað var upp á nýjungum á mótinu sem vöktu lukku. Önnur þeirra var sameiginlegur kvöldverður og skemmtun. Að loknum málsverði hélt hljómsveitin BG uppi fjörinu. Bæði skipuleggjendur og mótsgestir voru sammála um að þessi nýbreytni hafi tekist afar vel. Miklar líkur eru á að efnt verði aftur til sameiginlegs viðburðar fyrir mótsgesti í framtíðinni. Landsmóti UMFÍ 50+ var slitið um miðjan dag á sunnudeginu, fljótlega eftir keppni í stígvélakasti.

Veður var með fínasta móti, þrátt fyrir örlitla rigningu og smávegis vind var blessuð sólin aldrei langt undan.

Kynjaskipting þátttakenda á landsmótinu var nokkuð jöfn. Til leiks mættu 256 keppendur, þar af 132 karlar og 122 konur. Konurnar voru þremur fleiri í ár en í fyrra en karlarnir talsvert færri en þegar mótið var haldið á Blönduósi árið 2015. Þar tók 251 karl þátt í mótinu og höfðu þeir aldrei verið fleiri.

Á mótinu var í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða boðið upp á heilsufarsmælingu.

Á heildina litið var þetta vel heppnað mót þar sem allt gekk vel upp og gestir fengu að njóta gestrisni Vestfirðinga í góðu veðri í fallegu umhverfi.

## KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru: Sund, bogfimi, karfa, bridge, þríþraut, kajak, skák, badminton, frjálsar íþróttir, ringó, pútt, boccia, pönnukökubakstur, skotfimi, golf, línudans og stígvélakast. Pútt og boccia voru sem fyrr vinsælustu greinarnar en 120 kepptu í boccia en 88 í pútti. Fáir tóku þátt í þríþraut eða þrír karlar og ein kona. Netabæting og línubeiting féllu niður af áður auglýstri keppnisdagskrá.

## LANDSMÓTSNEFND UMFÍ 50+

Nefndin var þannig skipuð: Stefanía Ásmundsdóttir, formaður, Jónas Gunnlaugsson, Anna Lind Ragnarsdóttir, Jóhann Króknes Torfason, Gísli Halldór Halldórsson, Flemming Jessen og Auður Inga Þorsteinsdóttir.











# LAUGAR

## UNGMENNA- & TÓMSTUNDABÚÐIR

Starf Ungmennabúðanna að Laugum veturinn 2015–2016 var viðburðaríkt að vanda og sóttu tæplega 2.000 nemendur búðirnar heim.

Strax um haustið 2015 voru gerðar breytingar á starfi Ungmennabúðanna. Ferðadagurinn í þeirri mynd sem hann var í frá upphafi var lagður af og í stað hans var settur inn nýr dagskrárliður sem kallast Hólaferðin. Í Hólaferðinni fara nemendur í þriggja tíma göngu- og sveitaferð. Gengið er yfir hólana heim til Rebeccu Ostenfeld á Hólum í Hvammssveit í Dölum. Gangan er tæpir 6 kílómetrar og varir heimsóknin í um klukkustund. Í göngunni takast nemendur á við ýmis verkefni ásamt því að njóta útivistar. Markmið heimsóknarinnar er að fræða nemendur um helstu störf bænda, hvaðan fæðan sem þau neyta kemur og nemendurnir eru kynntir fyrir lífinu í sveitinni. Nemendur fá að snerta dýrin, halda á þeim og gefa. Heimsóknin vekur áhuga nemenda á sveitinni og svarar spurningum þeirra af kostgæfni. Rebecca er einstaklega skemmtileg. Heimsóknirnar slógu í gegn enda er Rebecca orðin heimsfræg fyrir bréfið sem hún fékk (sjá hér til hægri) og fyrir að vera frábær gestgjafi.

Útivera nemenda í Ungmennabúðunum að Laugum var aukin til muna og tókst vel til. Starfsfólk útbjó kennsluefni sem sent var í skóla um útbúnað og hvernig nemendum ber að klæða sig í ólíku veðri til að undirbúa þá fyrir aukna útiveru. Almenn ánægja er hjá kennurum og nemendum með þetta fyrirkomulag.

Á haustönninni dvöldu á Laugum fjórir erlendir sjálfboðaliðar sem auðguðu starfið og sköpuðu mikla gleði og líf í kringum sig.

Í október komu þrjár stúlkur frá tækniskóla í Svíþjóð og voru við nám í Ungmennabúðunum í þrjár vikur. Þær sinntu ýmsum verkefnum og útbjuggu kennsluefni á ensku. Heimasíða Lauga (www.ungmennabudir.is) er að fá á sig mynd og er nú hægt að nálgast þar öll gögn með rafrænum hætti. Þá er alltaf að aukast samstarf Ungmennabúðanna við útilífsmiðstöðina á Úlfljótsvatni og líka sambærilegar erlendar útimiðstöðvar og skólabúðir.

### ÓVÆNT SENDING

Rebecca Cathrine Kaad Ostenfeld, bóndi á Hólum, komst í heimsfréttirnar í lok sumars þegar fréttamiðlar fluttu fréttir af bréfi sem henni barst frá erlendum ferðamanni. Ferðamaðurinn hafði dvalið á Hólum. Ferðafólkið vissi hvorki deili á Rebeccu né heiti bæjarins. Þegar til Reykjavíkur var komið sendu þau bréf til Hóla. En í stað þess að skrifa heimilisfang eins og flestir teiknuðu þau lítið landakort með lykilupplýsingum um Rebeccu og sendu það í vor. Bréfbera tókst að koma bréfinu til skila.

Myndin á umslaginu rataði inn á vefsíðuna Reditt og fór það á flug á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum um heim allan í kjölfarið.

Fjöldi erlendra fjölmiðla hefur tekið viðtal við Rebeccu um bréfið, þar á meðal í Danmörku, Bandaríkjunum og Ungverjalandi. Enn fleiri hafa fjallað um það. Fleiri bréf hafa borist henni með álíka myndum í stað heimilisfangs, frá löndum á borð við Sviss og Rússlandi. Að sögn Rebeccu sendir fólkið bréfin til að kanna hvort þau komist til skila. Rebecca sendi bréfaritara svar til baka án þess að vita heimilisfang hans. Þess í stað teiknaði hún mynd af Moskvu.

## Á LAUGUM GETA VERIÐ
## 90
## NEMAR Á VIKU
## 1.900
## 9. BEKKINGAR KOMU Á SÍÐASTA TÍMABILI
### LAUGAR GETA TEKIÐ Á MÓTI 2.000 MANNS Á HVERJU TÍMABILI





# EVRÓPA UNGA FÓLKSINS

Árið 2016 hefur EUF til úthlutunar: 1.674.760 evrur eða sem nemur 235.538.248 krónum. Evrópa unga fólksins (EUF) er æskulýðshluti Erasmus+ áætlunarinnar

**EUF hefur þríþætt hlutverk:**

- Úthluta styrkjum til æskulýðstengdra verkefna
- Efla gæði í æskulýðsstarfi
- Stuðla að stefnumótun í æskulýðsstarfi

**Eitt af forgangsatriðum Erasmus+ áætlunarinnar er að:** Hvetja ungt fólki til þess að tjá skoðanir sínar og að hafa áhrif á kjörna fulltrúa á opinberum vettvangi, eða innan hagsmunasamtaka eða félagasamtaka þau málefni sem þau varða. Með þessi ofangreindu atriði í huga hefur EUF unnið að verkefni á þessu ári sem nefnist:
Skipta raddir ungs fólks máli?

**Verkefnið skiptist í nokkra hluta:**

- Ráðstefnan „Skipta raddir unga fólks máli“ sem haldin var á Hilton hóteli Nordica í febrúar.
- Kynnisferð starfsmanna í æskulýðsgeiranum til Svíþjóðar í maí þar sem fólk kynntis starfi ungmennaráða og hvernig ungt fólk tekur virkan þátt í starfinu.
- Kynnisferð frá Svíþjóð til Íslands þar sem fulltrúar ungmennaráða í Svíþjóð kynna sér starf ungmennaráða á Íslandi.
- Kynnisferð starfsmanna í æskulýðsgeiranum til Finnlands og Eistlands í nóvember.
- Ráðstefna í desember með þátttakendum frá Evrópu og Íslandi þar sem farið verður yfir mismunandi aðferðir við stuðning og skipulag á vinnu tengdum ungmennaráðum. Hagnýtar aðferðir og haldgóðar lausnir verða kynntar um það hvernig eigi að fá sveitarstjórnarfólk til þess að hlusta á unga fólkið.
- Lokaráðstefna í verður haldin í byrjun árs 2017 þar sem farið verður yfir helstu niðurstöður úr verkefnunum á árinu 2016 og hvaða reynsla og þekking hafi fengist.

Einn af þeim fjölmörgu möguleikum sem EUF býður upp á er að starfsfólk í æskulýðsgeiranum (íþróttafélögum) geti fengið styrk til þess að fara á fjölbreytt námskeið sem eflir þau í starfi og um leið kynnist fólk Erasmus+ áætluninni.

## “SOAP II”

Hildur Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA), sótti námskeiðið „SOAP II“ (Sport and Outdoor Activities Participation) á Kýpur 2015. Þar kynntist Hildur fólki frá Írlandi og úr varð að UÍA sótti um styrk hjá EUF fyrir ungmennaskiptaverkefni. Í ágúst 2016 tók UÍA á móti hópi ungmenna frá Cork á Írlandi sem dvaldi á Austurlandi í viku. Ungmenni frá UÍA fara síðan til Cork vorið 2017.

Þegar krakkar úr báðum hópum voru spurð hvernig þeim hefði fundist að taka þátt í verkefninu voru svörin svipuð. Þau sögðu að í verkefninu hefðu þau farið vel út fyrir þægindarammann. Við það hafi sjálfstraust þeirra aukist og þau eignast góða vini til framtíðar.

EUF gerir það ekki að skyldu að þeir sem fara á námskeið þurfi að sækja um styrk til EUF innan ákveðins tíma en vissulega er þetta verkefni mjög gott dæmi um góðan árangur.

## HÆGT ER AÐ SÆKJA UM STYRKI ÞRISVAR Á ÁRI

# 73

## UMSÓKNIR HAFA BORIST ÞAÐ SEM AF ER ÁRI

# 63

## UMSÓKNIR BÁRUST ALLT SÍÐASTA ÁR

# STYRKFÉ 2016

# 235.538.248

## Styrkfé til úthlutunar

| 2014 | 2015 | 2016 |
|---|---|---|
| € 1.657.435 | € 1.634.203 | € 1.674.760 |
| Kr. 248.615.250 | Kr. 245.130.450 | Kr. 235.538.248 |



# HREYFIVIKA UMFÍ

23. – 29. MAÍ 2016

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) hefur síðastliðin fjögur ár tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Rannsóknir sýna að einungis þriðjungur íbúa í Evrópu hreyfir sig reglulega. UMFÍ tekur verkefnið sem langhlaup og hvetur alla til að finna sína uppáhaldshreyfingu og stunda hana reglulega eða að minnsta kosti í 30 mínútur daglega.

Hreyfivikan hefur í gegnum tíðina verið haldin í september. Árið 2016 barst með skömmum fyrirvara tilkynning að utan að Hreyfivikan færðist fram á vor. Sú breyting hafði í för með sér kosti og galla, sérstaklega þá að lítill tími gafst til undirbúnings.

Á fundi fyrir framkvæmdastjóra sambandsaðila föstudaginn 11. mars 2016 var verkefnið kynnt ítarlega og starfsmenn hvattir til að taka virkan þátt í verkefninu.

## ÖFLUGRI SVEITARFÉLÖG

Undirbúningur fyrir Hreyfiviku UMFÍ fór á fullt í byrjun apríl. Landsfulltrúi heimsótti fjölmarga sambandsaðila og sveitarfélög í aðdraganda Hreyfivikunnar þar sem verkefnið var kynnt og hvatt var til þátttöku. Oftar en ekki bar fólk fyrir sig tímaleysi og sagði að of mikið vinnuálag hamlaði því að taka þátt. Eftir spjall og nánari útskýringar á því hversu einfalt það væri að taka þátt og sannfæringu um að þátttaka þyrfti ekki að fela í sér neinn kostnað var fólk viljugra til þátttöku. Sveitarfélögum fjölgaði einnig mikið, sem buðu upp á viðburði í Hreyfivikunni.

Á meðal þátttakenda í Hreyfiviku UMFÍ var Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA), sem byggir á eldri ungmennafélögum og bauð upp á ratleik í Laugardal.

## SUNDKEPPNI SVEITARFÉLAGA

Einn liður í Hreyfiviku UMFÍ er sundkeppni á milli sveitarfélaga. Hugmynd keppninnar er komin frá Fjallabyggð árið 2015 en íþróttafulltrúi Fjallabyggðar hafði þá samband við íþróttafulltrúa Norðurþings. Sveitarfélögin ætluðu í upphafi að keppa eingöngu sín á milli en með stuttum fyrirvara var haft samband við landsfulltrúa UMFÍ. Með sameiginlegu átaki UMFÍ, Fjallabyggðar og Norðurþings varð úr að 28 sveitarfélög skráðu sig til leiks árið 2015 og 35 sveitarfélög árið 2016. Félag forstöðumanna sundstaða átti stóran þátt í því að verkefnið varð að raun.

## JÓHANNES VANN

Setning vikunnar fór fram mánudaginn 23. maí kl. 11.30–12.15 í garðinum við þjónustumiðstöð UMFÍ. Viðburðurinn fól í sér laufléttа áskorun í stígvélakasti. Til leiks var sent boðsbréf á mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og fjölda bæjarstjóra. Til viðbótar var nemendum í 5.H. í Hvassaleitisskóla boðið og tóku þeir virkan þátt í setningunni og stígvélakastinu.

Setningin gekk mjög vel. Fjölmiðlamaðurinn Gunnar Sigurðarson, sem margir þekkja sem Gunnar á Völlum, lýsti stígvélakastinu á sinn einstaka hátt og skapaði létta og skemmtilega stemningu í kringum setninguna. Einn fulltrúi gesta og einn frá hverju sveitarfélagi tók þátt í stígvélakastinu. Jóhannes Stefánsson, aðstoðarmaður Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra, átti lengsta kastið og bar sigur úr býtum.



## 2012

25 BOÐBERAR
10 BÆJARFÉLÖG
30 VIÐBURÐIR
500 ÞÁTTTAKENDUR

## 2014

90 BOÐBERAR
45 BÆJARFÉLÖG
250 VIÐBURÐIR
20.000 ÞÁTTTAKENDUR

## 2016

150 BOÐBERAR
55 BÆJARFÉLÖG
480 VIÐBURÐIR
42.000 ÞÁTTTAKENDUR



# FORVARNIR OG LÝÐHEILSA

## FORVARNADAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Árið 2015 fór dagurinn fram 2. október. Dagurinn var helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Guðni Th. Jóhannesson, nýr forseti Íslands, er búinn að gefa það út að halda skuli áfram með verkefnið.

## TÓBAKSVARNASKILTI

Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við Þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir tóbaksvarnaskilti. Skiltið er þannig útbúið að það getur verið utandyra sem innandyra. Á skiltinu stendur: Leiktu, lifðu og vertu án tóbaks! Notkun tóbaks er bönnuð í og við íþróttamannvirki sveitarfélagsins.

## FYRIRMYNDARSKILTI

Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir fyrirmyndarskilti. Skiltið er þannig útbúið að það getur verið utandyra sem innandyra. Á skiltinu stendur: Við erum öll fyrirmyndir. Hér eru börn að leik. Fullorðnir eiga að hvetja öll börn. Dómarar eru líka fólk.

## GÖNGUM UM ÍSLAND – GÖNGUBÓK UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hefur um nokkurra ára skeið gefið út Göngubókina – Göngum um Ísland. Stefnt er að því að hún komi út í maí ár hvert. Útgáfan dróst í þetta sinn fram á sumar.

Í Göngubók UMFÍ er að finna upplýsingar um mislangar gönguleiðir sem henta fjölskyldum og er lagt upp með að leiðirnar henti jafnt yngra sem eldra og reynslumeira göngufólki. Jafnfram er að finna fróðleik um það sem hafa þarf í huga þegar lagt er af stað í gönguferð.

Göngubókin kom út í 7.000 eintökum árið 2016. Henni var dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði, í íþróttahús í þéttbýli og á þjónustustöðvar N1 víða um land. Göngubókin er sömuleiðis aðgengileg í Þjónustumiðstöð UMFÍ. Göngubók UMFÍ er til á PDF-formi. Frá sumri 2016 hefur Göngubókin verið aðgengileg á vefsíðunni www.issuu.com sem hentar mjög vel þeim sem vilja ekki fletta í gegnum stórar skrár.

## FJÖLSKYLDAN Á FJALLIÐ

Verkefnið Fjölskyldan á fjallið hefur staðið í nokkurn tíma. Verkefnið fer fram með þeim hætti að sambandsaðilar UMFÍ tilnefna fjöll í verkefnið ár hvert og sjá sjálfir um að auglýsa göngur á þau. Kössum er komið fyrir á tindum fjallanna með gestabókum sem þátttakendur eru hvattir til að skrifa í. Fjöll, sem eru í verkefninu hverju sinni, eru tilgreind í Göngubókinni.




718
Ungmennafélag Íslands
UMFÍ
Stofnað 1907

# UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI




## UNGMENNARÁÐSTEFNAN UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Verkefnið Ungt fólk og lýðræði leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Þar er lögð áhersla á að einstaklingar geti styrkt sjálfsmynd sína og tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði hefur verið haldin árlega frá árinu 2009. Hún hefur nú fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi. Ráðstefnan var haldin í sjöunda sinn á Selfossi dagana 16.–18. mars árið 2016. Yfirskrift ráðstefnunnar var, Niður með grímuna. Ungmennaráð UMFÍ sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar ásamt Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sveitarfélaginu Árborg og fagfólki frá Kvíðamiðstöðinni.

Ráðstefnuna sóttu 90 manns, þar af 69 ungmenni frá ungmennaráðum víða um land. Ungmennin voru á aldrinum 16–25 ára. Stúlkur voru 44 en drengirnir 25.

Ráðstefnan tókst vel. Mikil áhersla var á jafningjafræðslu, óformlegt nám og virka þátttöku í málstofum. Ungmennaráð UMFÍ gerir ráð fyrir því að halda áttundu ráðstefnu Ungs fólks og lýðræðis árið 2017.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ og starfsmaður ungmennaráðs, var verkefnastjóri ráðstefnunnar. Að utanumhaldi kom einnig Ragnheiður Sigurðardóttir og tveir nemar í tómstunda- og félagsfræði við Háskóla Íslands sem voru í vettvangsnámi í þjónustumiðstöð UMFÍ. Steinunn Anna Sigurjónsdóttir, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni, kom jafnframt að heildarundirbúningi ráðstefnunnar og framkvæmd við málstofur.

Við upphaf Ungmennaráðstefnunnar var 718 golfkúlum sleppt og þær látnar renna á milli ráðstefnugesta. Tilgangur gjörningsins var að sýna gestum þann fjölda barna og ungmenna sem um áramótin 2015/2016 voru á biðlista eftir sér- eða ítarþjónustu geðheilbrigðisstofnana.

## FYRRI RÁÐSTEFNUR

**2016 – Ungt fólk og lýðræði**
Niður með grímuna – geðheilbrigði ungmenna á Íslandi.
Selfoss. Heildarfjöldi um 90 þátttakendur.

**2015 – Ungt fólk og lýðræði**
Margur verður af aurum Api – réttindi og skyldur ungs fólks á vinnumarkaði.
Stykkishólmur. Heildarfjöldi um 80 manns.

**2014 – Ungt fólk og lýðræði**
Stjórnsýslan og við – áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna.
Ísafjörður. Heildarfjöldi um 64 manns.

**2013 – Ungt fólk og lýðræði**
Þátttaka ungs fólks í skipulagsmálum sveitarfélaga.
Egilsstaðir. Heildarfjöldi um 64 manns.

**2012 – Ungt fólk og lýðræði**
Fjölmiðlar og mannréttindi.
Hvolsvöllur. Heildarfjöldi um 84 manns.

**2011 – Ungt fólk og lýðræði**
Ungt fólk og fjölmiðlar.
Hveragerði. Heildarfjöldi um 70 manns.

**2010 – Ungt fólk og lýðræði**
Lýðræði og mannréttindi. Dalabyggð.

**2009 – Ungt fólk og lýðræði. Akureyri**



# ÖNNUR STARFSEMI

## ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Ungmennafélag Íslands er eitt aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins (ÆV). Önnur aðildarfélög eru Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Fjölmörg verkefni og tækifæri koma í gegnum ÆV sem standa öllum sambandsaðilum UMFÍ til boða. Helstu verkefni ÆV undanfarið ár hafa aukin samvinna við mennta- og menningarmálaráðuneytið í verkferlum tengdum barnavernd og fagráð eineltis og ofbeldis gegn börnum og ungmennum. Verkefni ÆV snúa öll að hagsmunagæslu barna og ungmenna. Lokamarkmið ÆV er að tryggja öryggi og velferð barna og ungmenna innan aðildarfélaga ÆV og treysta stoðir faglegs starfs.

## WAPPIÐ

Wapp er íslenskt smáforrit fyrir snjallsíma. Forritið býður upp á GPS, leiðarlýsingar með leiðsögn sem hjálpar notendum að finna rétta leið og fá upplýsingar um sögu, náttúru og fleira á réttum stöðum á leiðinni. Leiðarlýsingarnar eru bæði á ensku og íslensku, um allt land og er miðlað á góðum kortagrunni frá Samsýn. Hægt er að nýta leiðarlýsingarnar með eða án gagnasambands.

Wappið kostar ekkert í niðurhali en stakar leiðarlýsingar eru til sölu fyrir smáupphæð. Leiðarlýsingar eru bæði í þéttbýli og dreifbýli. Leiðir í þéttbýli eru að jafnaði styttri en leiðir í dreifbýli. Leiðir í dreifbýli hafa til viðbótar fleiri upplýsingamola. Sem dæmi má nefna leiðir sem birta upplýsingar um sögu húsa, atvinnusögur, sögur af fólki, fugla- eða jurtaskoðun, fjörugöngur, listaverk, matarhefðir og fleira. UMFÍ kostar tvær leiðir í forritinu, um Súlur á Akureyri og Búrfell á Suðurlandi.

## FELIX

Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ er miðlægt tölvukerfi sem hefur það markmið að halda utan um skráningar og íþróttaþátttöku landsmanna. Á þessum misserum er unnið að endurbótum og uppfærslu á kerfinu. Stefnt er að því að þessum úrbótum verði lokið fyrir áramótin 2016/2017.

Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til þess að halda utan um daglega skráningu iðkenda í öllu starfi félaga. Þjóðskrá kerfisins er uppfærð mánaðarlega sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu. Kerfið býður upp á öfluga aðgangsstýringu sem gerir félögum kleift að aðgangsstýra kerfinu. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra iðkendur. Allar breytingar eiga sér stað miðlægt sem á að tryggja að verið er að skoða réttar upplýsingar.

## FRJÁLSÍÞRÓTTASKÓLI

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára. Skólinn stendur yfir í fimm daga frá mánudegi til föstudags. Sambandsaðilar UMFÍ, á því svæði þar sem skólinn er haldinn sjá um utanumhald og skipulag skólans. Jafnframt leggja þeir til kennara og aðstoðarmenn til starfa við skólann. Sumarið 2016 var skólinn haldinn, á Selfossi í júnímánuði. Var þetta í áttunda skiptið sem skólinn starfaði á HSK. svæðinu. 61 sótti skólann og var uppselt í skólann mánuði fyrr en hann hófst. Mikil almenn gleði og ánægja var meðal þátttakenda með skólann.

## SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR

Á félagsmálanámskeiðinu „Sýndu hvað í þér býr“ er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, þ.e. að taka til máls, framkomu, ræðuflutning og raddbeitingu. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundasköpum, m.a. fundarreglur, boðun funda, fundaskipan, meðferð tillagna, kosningar og fleira. Þátttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í leiki til þess að brjóta upp námskeiðið.

Frá haustinu 2015 til vorsins 2016 hafa níu námskeið farið fram víðs vegar um landið. Heildarfjöldi þátttakenda er um 200 manns. Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, hefur haft veg og vanda af kennslunni. Sambandsaðilar geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir námskeiði.




## SÝNUM KARAKTER

UMFÍ hefur um nokkurt skeið unnið með Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið og samnefnd vefsíða (www.synumkarakter.is) er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun, umfram líkamlegan, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Á vefsíðunni eru greinar og viðtöl við þjálfara og afreksíþróttafólk þar sem helsta umfjöllunarefni er efling andlegra og félagslegra þátta í gegnum þjálfun.

## ÞRASTASKÓGUR

Þrastaskógur í Grímsnesi er í eigu UMFÍ. Þrastaskógur er á 45 hektara skógarsvæði sem liggur frá Álftavatni og niður með Soginu að Þrastalaundi. Tryggvi Gunnarsson þingmaður átti landið og gaf hann það Ungmennafélaginu á afmælisdegi sínum 18. október árið 1911.

Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu. Það var svo ekki fyrr en þremur árum síðar, eða árið 1914, sem Guðmundur Davíðsson, sem þá var formaður UMFÍ, lagði til að staðurinn fengi heiti sitt af öllum þröstunum í skóginum.

Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins.


Skinfaxi
Allir leika
Strandamenn skíðuðu í Þýskalandi
Hreyfivika UMFÍ
22.–29. maí
UMFÍ
í barn
Tímarit Ungmennafélags Íslands 1. tbl. 107. árg. 2016


UMFÍ
www.umfi.is
Skinfaxi
Lýðháskóli UMFÍ á Laugarvatni?
Arnór Ingvi:
Góð ákvörðun að fara á Unglingalandsmót
Tímarit Ungmennafélags Íslands 3. tbl. 107. árg. 2016


UMFÍ
www.umfi.is
Skinfaxi
Alls konar hreyfing í Hreyfiviku UMFÍ
Allt um Landsmót 50+ á Ísafirði
Of dýrt í sund fyrir eldri borgara
Konur í meirihluta í Stjörnustríði
Forstjórinn fór að hlaupa eftir fertugt
Heilbrigðisráðherra vann héraðshöfðingja í Hörgárdal
Landlæknir á móti sölu áfengis í matvörubúðum
Tímarit Ungmennafélags Íslands 2. tbl. 107. árg. 2016

# SKINFAXI

## SKINFAXI

Þrjú tölublöð hafa komið út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, frá áramótum. Til samanburðar komu út fjögur tölublöð allt síðasta ár auk tveggja 24 blaðsíðna upplýsingablaða í dagblaðsbroti í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ.

Fyrsta tölublað ársins 2015 kom út í apríl, það næsta í júní og þar á eftir í aðdraganda Unglingalandsmótsins í Borgarnesi. Gert er ráð fyrir fjórða blaðinu í lok nóvember eða byrjun desember.

Ákveðið var að gefa ekki út sérblöð í dagblaðsformi fyrir landsmótin sumarið 2016 heldur tileinka tímaritin mótunum. Í þeim var birt dagskrá mótanna, bæði í keppnisgreinum og afþreyingu. Þessi breyting hefur skilað því að tímaritið verður mikið að vöxtum.

Vinnan við Skinfaxa gekk vel, vandað var til efnistaka og söfnun auglýsinga gekk ágætlega.

Í apríl 2016 lét Jón Kristján Sigurðsson af störfum sem kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri. Við starfi hans tók Jón Aðalsteinn Bergsveinsson. UMFÍ þakkar Jóni Kristjáni fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf í gegnum árin.

## FLEIRI DREIFILEIÐIR SKINFAXA

Dreifing blaðsins var með svipuðum hætti og áður, blaðinu dreift um allt land og var það inni á bensínstöðvum N1, sem auglýsti í blöðunum á móti. Blaðið var líka sent til áskrifenda, héraðssambanda, félaga, skóla og fjölmiðla. Upplögin voru stærri en áður, sérstaklega þriðja tölublaðið sem kom út fyrir Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi. Stærð upplagsins skýrist af því að tölublaðið var sett í aldreifingu í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit auk þess sem því var dreift um landið og afhent mótsgestum. Sú nýbreytni var líka tekin upp að senda eintök beint til stjórnarmanna í UMFÍ, stjórnarmanna sambandsaðila og þeirra sem sitja í stjórnum félaga með beina aðild. Rétt heimilisfang stjórnarmanna eru í sumum tilvikum ekki rétt skráð í félagakerfið Felix og fór því nokkur tími í að koma tölublöðum í réttar hendur. Gert er ráð fyrir því að skráningar verði betri á næstu misserum og muni því fleiri félagsmenn UMFÍ fá eintak af Skinfaxa í hendur.

Dreifileiðum UMFÍ á prentuðu efni hefur fjölgað á árinu. Efni úr blaðinu er vistað á www.umfi.is og er vefsíðan hjartað í rafrænni útgáfu á samfélagsmiðlum og á öðrum efnisveitum. Þaðan er efninu dreift á Facebook, Twitter og Snapchat auk þess sem myndir með hlekkjum á greinar eru settar á myndefnisveiturnar Instagram og Flickr.

## NÚTÍMAVÆDDUR SKINFAXI

Öll tölublöð Skinfaxa eru aðgengileg innbundin í þjónustumiðstöð UMFÍ. Til viðbótar er mögulegt að skoða stök blöð á vefsíðunni timarit.is, sem Landsbókasafn-Háskólabókasafn rekur.

Skinfaxi er vistaður á PDF-formi á vefsíðu UMFÍ, www.umfi.is og geta notendur vefsins halað þar niður í tölvur og tæki nýjustu tölublöðin. Nærri öll tölublöð Skinfaxa frá árinu 2009 eru líka vistuð á vefsíðuna www.issuu.com. Notendur síðunnar þurfa ekki að hala stórum gagnaskrám niður heldur geta þeir með einföldum hætti flett síðum tímarita þar á tölvum. Skinfaxi og annað prentefni UMFÍ er afar aðgengilegt á Issuu enda þægilegt að fletta þar blöðum á spjaldtölvum og snjallsímum og þysjað síður til að lesa stakar greinar.





# ERLEND SAMSKIPTI

## NSU

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndunum. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur. UMFÍ á tvo fulltrúa í stjórn NSU.

Ungmennavika NSU fór fram dagana 7–14. ágúst 2016 í Ästad í Svíþjóð. Yfirskrift vikunna var JOURNEY 4 LIFE. Fjallað var um menningu, leiðtogahæfileika, þátttöku jaðarhópa, samskipti og áhrif. Vikan var stútfull af spennandi ævintýrum ásamt heimsókn í skemmtigarð og kvölddagskrá fór fram öll kvöld. UMFÍ sendi fimm ungmenni til þátttöku í vikunni. Leiðtogaskóli NSU fer fram í október 2016.

Ráðstefna og aðalfundur NSU fóru fram í september. Þar voru níu fulltrúar frá UMFÍ. Á fundinum var í fyrsta sinn kosið eftir nýju stjórnarfyrirkomulagi og náði Jörgen Nilsson, tómstundaleiðbeinandi í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ að Laugum í Sælingsdal, kjöri í stjórn.

## ISCA

UMFÍ er aðili að ISCA, International Sport and Culture Association, sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. UMFÍ tekur þátt í mörgum verkefnum með samtökunum á hverju ári en helsta verkefnið er Move Week eða Hreyfivika UMFÍ. Move Week er hluti af stærra verkefni sem fram fer allt árið um kring og nefnist Now We Move. Annað verkefni er Integration of Refugees through Sport eða hvernig hægt er að auðvelda flóttafólki að aðlagast norrænu samfélagi með þátttöku í íþróttum. UMFÍ lítur á verkefnið sem tækifæri til þess að fjölga nýbúum eða nýjum Íslendingum innan íþróttahreyfingarinnar. Verkefnið er til tveggja ára, eða frá ágúst 2016 til 2018.

## LÝÐHÁSKÓLAR

UMFÍ hlaut í ár styrk frá Nordplus til þess að styrkja ungmenni til náms við lýðháskóla í Danmörku skólaárið 2016–2017. UMFÍ og Højskolernes Hus í Kaupmannahöfn gerðu með sér samstarfssamning árið 2015 um verkefni tengt námsdvöl íslenskra ungmenna. Højskolernes Hus heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og því er námsframboðið fjölbreytt. Umsóknarfrestir eru tveir, annars vegar 1. september og hins vegar 10. janúar. Á þriðja tug ungmenna hefur sótt um styrki vegna náms í lýðháskólum.

## DGI

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Góð samvinna og vinskapur er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ einmitt frá DGI. Í maí 2015 fór stór hópur ungmennafélaga í heimsókn til DGI og kom stjórn DGI til Íslands á Unglingalandsmót sama ár. Í september á þessu ári fór lítill hópur frá UMFÍ aftur í heimsókn til DGI í Álaborg og aflaði hann sér upplýsinga um undirbúning, skipulagningu og framkvæmd dönsku landsmótanna á vegum DGI.









# NEFNDIR

## FJÁRHAGSNEFND
Guðmundur Sigurbergsson, varastjórn UMFÍ, **formaður**
Einar Hafliðason, UMSE
Sigurður Guðmundsson, UMSB
**Starfsmaður nefndar:** Helgi Gunnarsson, UMFÍ

## FRÆÐSLUNEFND
Valdimar Gunnarsson, UMSK, **formaður**
Björn Grétar Baldursson, stjórn UMFÍ
Elísabet Lovísa Björnsdóttir, Keflavík
Guðríður Aadnegard, HSK
Helga Guðrún Guðjónsdóttir
Fulltrúi íþróttabandalaga: Viggó H. Viggósson ÍBR
**Starfsmaður nefndar:** Sabína Steinunn Halldórsdóttir

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR UMFÍ
Örn Guðnason, stjórn UMFÍ, **formaður**
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ
Varamaður: Sigurður Óskar Jónsson, varastjórn UMFÍ

## LAGANEFND
Helga Jóhannesdóttir, stjórn UMFÍ **formaður**
Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ
Fulltrúi íþróttabandalaga: Elísabet Ólafsdóttir, ÍBH
**Starfsmaður nefndar:** Auður Inga Þorsteinsdóttir

## LÝÐHEILSU- OG FORVARNANEFND UMFÍ
Jóhanna Kristjánsdóttir, HSÞ, **formaður**
Einar Snorrason, Keflavík
Jakob Einar Jakobsson HSV
Sigríður Etna Marinósdóttir, HHF
Þorgeir Örn Tryggvason, varastjórn UMFÍ
**Starfsmaður nefndar:** Ragnheiður Sigurðardóttir

## MENNINGAR- OG ÚTGÁFUNEFND
Gunnar Gunnarsson, stjórn UMFÍ, **formaður**
Birgir Örn Sigurðsson, USVS
Örn Guðnason, stjórn UMFÍ
Jón Páll Hreinsson, HSV
Vigdís Diljá Óskarsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

## NEFND 6.LANDSMÓTS UMFÍ 50+ 2016, ÍSAFIRÐI
Stefanía Ásmundsdóttir **formaður**
Jónas Gunnlaugsson gjaldkeri
Anna Lind Ragnarsdóttir
Gísli Halldór Halldórsson
Jóhann Króknes Torfason
Flemming Jessen FÁÍA
Auður Inga Þorsteinsdóttir UMFÍ
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

## NEFND UM STARF ELDRI UNGMENNAFÉLAGA
Flemming Jessen, FÁÍA, **formaður**
Anna Bjarnadóttir, USK
Eygló Alexandersdóttir, Njarðvík
Hjörtur Þórarinsson, HSK
Sigríður Bjarnadóttir UMSK
**Starfsmaður nefndar:** Ragnheiður Sigurðardóttir

## NSU – NORRÆNT SAMSTARF
Helga Jóhannesdóttir, stjórn UMFÍ
Jörgen Nilsson, UDN
Varamaður: Gunnar Gunnarsson, stjórn UMFÍ

## UMHVERFISNEFND
Margrét Björnsdóttir, UMSK, **formaður**
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Jenný L. Lárusdóttir, UMFN
Snorri Þorsteinsson, UMSB
Þorsteinn M. Kristinsson, USVS
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

## UMHVERFISSJÓÐUR PÁLMA GÍSLASONAR
Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, **formaður**
Stella Guðmundsdóttir, ekkja Pálma Gíslasonar
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Magnús Gíslason, UMSK
Óskar Magnússon, V
**Fulltrúi íþróttabandalaga:** Haukur Haraldsson, ÍBR

## NEFND 19. UNGLINGALANDSMÓTS UMFÍ Í BORGARNESI
Sólrún Halla Bjarnadóttir, **formaður**
Kristín Gunnarsdóttir, ritari
Sigurður Guðmundsson, gjaldkeri
Páll Brynjarsson, keppnisstjóri
Hrafnhildur Tryggvadóttir, tjaldbúðastjóri
Kristján Finnur Kristjánsson, öryggisstjóri
Ingunn Jóhannesdóttir, svæðisstjóri
Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir, afþreyingarstjóri
Margrét Halldóra Gísladóttir, þjónustu- og veitingastjóri
Agnes Guðmundsdóttir, starfsmannastjóri
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

## UNGMENNARÁÐ UMFÍ
Aðalbjörn Jóhannsson, HSÞ, **formaður**
Ástþór Jón Tryggvason, USVS
Björn Grétar Baldursson, stjórn UMFÍ
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, UDN
Emil Róbert Smith, HSH
Eygló Hrund Guðmundsdóttir
Haukur Orri Kristjánsson, UÍF
Karen Óskarsdóttir, HSK
Kolbrún Lára Kjartansdóttir, USVH
Vigdís Diljá Óskarsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Sabína Steinunn Halldórsdóttir

## VINNUHÓPUR SEM RÆÐIR UM AÐILD ÍÞRÓTTABANDALAGA
Guðmundur Sigurbergsson, varastjórn UMFÍ, **formaður**
Jón Páll Hreinsson, HSV
Jóhanna Kristjánsdóttir, HSÞ
Jón Karl Ólafsson, Fjölni
Þórir Haraldsson, HSK
**Starfsmenn hópsins:** Auður Inga Þorsteinsdóttir og Helgi Gunnarsson

## ÞRASTASKÓGARNEFND
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ, **formaður**
Guðmundur Kr. Jónsson, HSK,
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Kristinn Ó. Grétuson, varastjórn UMFÍ

Nefndir á vegum UMFÍ hafa fundað mismikið. Skýringarnar eru bæði þær að umfang nefndanna er minna en áður auk þess sem sumar þeirra hafa tekið upp nútímalega samskiptahætti. Breyttur samskiptamáti er því óviðkomandi hvort tiltekin nefnd hefur mikið að gera eður ei. Dæmi um slíkt eru símafundir eða samskiptaforrit sem gera mörgum kleift að hafa samskipti sín á milli.


4X100M S17
1 Sveit IBR 48.18
2 UMSE UMSE 55.45
USU drottn

# LOTTÓ

## ÍSLENSKAR GETRAUNIR



## NÝTT SÖLUKERFI – NÝJAR ÁSKORANIR

Þróun happdrættismarkaðarins hefur verið ótrúlega ör – sérstaklega síðustu fimm árin – markaðurinn hefur breyst – tæknin er allsráðandi og samkeppnin einskorðast ekki bara við íslenska aðila á markaði heldur einnig og ekki síður við erlend ólögleg fyrirtæki sem hafa engar samfélagslegar skyldur á Íslandi. Með innleiðingu Getspá-Getrauna á nýju sölukerfi og breyttum og bættum tæknilausnum skapast ákveðið sóknarfæri sem við þurfum að nýta okkur. En það er ekki eins einfalt og það hljómar.

## HÖFÐA TIL YNGRA FÓLKS

Kúnnahópurinn hefur elst og nýi markhópurinn sem okkur langar til að kynnast betur til framtíðar er 25–35 ára aldurinn. Þessi hópur les lítið blöð – hlustar aðeins á útvarp og opnar ekki sjónvarp eins og við þekkjum það. Horfir á YouTube, er á Snapchat, Facebook og Twitter. Notar miðla öðruvísi. Við þurfum að nálgast þennan hóp á forsendum hans. Það gerum við með að breyta markaðsstarfinu, yngja starfsmannahóp okkar og laga okkur að þeim verulega breytta heimi sem við búum í. Ef við tökum ekki á móti framtíðinni eins og hún er að þróast mun þessi markhópur í auknum mæli einbeita sér að þeim miðlum sem hentar lífsstíl og menningu.

## MIKILVÆGT AÐ ÞRÓAST MEÐ

Ábyrgð okkar er að vera á tánum – sofna ekki á verðinum og fylgja þróuninni. Happdrættisleikir ganga vel í ákveðinn tíma og þurfa stöðugt uppfærslur og viðbætur til að arðsemi þeirra gangi upp. Þess vegna er mikilvægt að missa aldrei sjónar á þeim möguleikum til framfara sem í boði eru – í samræmi við lagaumgjörð okkar – og með hagsmuni eigenda og neytenda að leiðarljósi.

Stjórnir fyrirtækja og framkvæmdastjóri hafa lagt mikla áherslu á að draga úr kostnaði og reyna með öllum ráðum að auka fjárstreymi til eignaraðila sinna. Vert er þó að halda því til haga að sala á lottóleikjum gengur oft í bylgjum og þess vegna er mikilvægt að íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin stilli fjárhagsáætlunum sínum upp af varkárni.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Örn Guðnason varaformaður UMFÍ. Hann er jafnframt varaformaður stjórnar Getspár. Aðrir stjórnarmenn eru Vífill Oddsson og Þóra Þórarinsdóttir frá ÖBÍ og Lárus Blöndal og Gunnar Bragason frá ÍSÍ.

Helga Guðjónsdóttir er fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna. Aðrir í stjórn eru Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ, Geir Þorsteinsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríkisins.

Stöndum saman í að verja hagsmuni eigendanna og gleymum aldrei þeim góða málstað sem við viljum verja – í þágu íþrótta, öryrkja og ungmenna. Forystufólki ungmennafélaganna þakka ég gott samstarf og fyrir mikilvæg störf sem það innir af hendi í þágu íslensks samfélags.

Stefán Konráðsson
framkvæmdastjóri



# LOTTÓ

## LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTANIR

**I.Skipting lottótekna UMFÍ:**

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglum sjóðsins.

**II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:**

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

**III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila**

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir

**Einn hlutur: héraðssambönd.**

30% af hlut: Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

**IV. Regla vegna íbúafjölda:**

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

**V. Regla vegna félagsmannafjölda:**

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagaskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert

**VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:**

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla, sem hefur verið fryst í tvö ár, rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

**VII. Nýir sambandsaðilar.**

Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu. Félag með beina aðild að UMFÍ heldur óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

**VIII. Um úthlutun.**

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

**Bráðabirgðaákvæði**

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 48. sambandsþingi UMFÍ 2013

## LOTTÓÚTHLUTUN

| Félag | 2015 | % |
|---|---|---|
| UMSK | 38.023.762 kr. | 30.00% |
| HSK | 13.878.673 kr. | 10.95% |
| UMFF | 10.963.518 kr. | 8.65% |
| UÍA | 6.641.484 kr. | 5.24% |
| Keflavík | 6.666.833 kr. | 5.26% |
| HSÞ | 4.195.289 kr. | 3.31% |
| HSV | 4.081.218 kr. | 3.22% |
| UMSS | 3.941.798 kr. | 3.11% |
| UMSB | 3.941.798 kr. | 3.11% |
| HSH | 3.789.701 kr. | 2.99% |
| UMSE | 3.447.487 kr. | 2.72% |
| UMFN | 2.965.854 kr. | 2.34% |
| USÚ | 2.699.687 kr. | 2.13% |
| UÍF | 2.774.734 kr. | 2.19% |
| USAH | 2.420.845 kr. | 1.91% |
| USVH | 2.319.450 kr. | 1.83% |
| HHF | 2.180.029 kr. | 1.72% |
| UDN | 2.091.307 kr. | 1.65% |
| USVS | 2.040.610 kr. | 1.61% |
| HSS | 1.913.862 kr. | 1.51% |
| HSB | 1.875.838 kr. | 1.48% |
| UMFG | 1.051.990 kr. | 0.83% |
| UFA | 1.013.967 kr. | 0.80% |
| UMFÞ | 861.873 kr. | 0.68% |
| UMFK | 456.285 kr. | 0.36% |
| USK | 215.469 kr. | 0.17% |
| Vesturhlíð | 190.116 kr. | 0.15% |
| UMFÓ | 50.698 kr. | 0.04% |
| Víkverji | 50.698 kr. | 0.04% |
| **Samtals** | **126.744.873 kr.** | **100.00%** |

**Lottó til sambandsaðila 2009 – 2015**




UNGLINGALANDSMÓT
UMFÍ
UMFÍ

# HEIÐRANIR

## Heiðursfélagar UMFÍ

| | |
|---|---|
| Jóhannes Jósefsson | 1927/1957 |
| Þórhallur Björnsson | 1927 |
| Helgi Valtýsson | 1927/1957 |
| Guðmundur Jónsson frá Mosdal | 1933 |
| Vigfús Guðmundsson | 1940 |
| Björn Guðmundsson | 1943 |
| Björn Jakobsson | 1946 |
| Bernharð Stefánsson | 1957 |
| Guðbrandur Magnússon | 1957 |
| Jón Helgason | 1957 |
| Anders Skåsheim | 1957 |
| Eiríkur J. Eiríksson | 1969 |
| Sigurður Greipsson | 1969 |
| Skúli Þorsteinsson | 1971 |
| Þorsteinn Einarsson | 1982 |
| Hafsteinn Þorvaldsson | 1987 |
| Guðjón Ingimundarson | 1987 |
| Sigurður Geirdal | 1993 |
| Pálmi S. Gíslason | 1997 |
| Þórir Jónsson | 2005 |
| Björn B. Jónsson | 2011 |

## Gullmerki UMFÍ

| | |
|---|---|
| Daníel Ágústínusson, UMFÍ | 1972 |
| Þorsteinn Einarsson | 1972 |
| Jón Stefánsson, UMSE | 1972 |
| Ármann Pétursson, UMFÍ | 1973 |
| Gísli Andrésson, UMSK | 1973 |
| Stefán Ólafur Jónsson, UMFÍ | 1973 |
| Kjartan B. Guðjónsson GLÍ | 1975 |
| Valdimar Óskarsson, UMFÍ | 1975 |
| Óskar Ágústsson, HSÞ | 1976 |
| Gunnar Sveinsson, Keflavík | 1977 |
| Pálmi S. Gíslason, UMSK | 1978 |
| Jóhannes Sigmundsson, HSK | 1981 |
| Þórir Þorgeirsson, HSK | 1981 |
| Hafsteinn Þorvaldsson, HSK | 1981 |
| Gísli Halldórsson, ÍSÍ | 1982 |
| Hermann Guðmundsson, ÍSÍ | 1982 |
| Sveinn Björnsson, ÍSÍ | 1982 |
| Guðjón Ingimundarson, UMSS | 1984 |
| Páll Aðalsteinsson, UMSK | 1984 |
| Axel Jónsson, UMSK | 1985 |
| Þórður J. Pálsson | 1985 |
| Bergur Torfason, HVÍ | 1987 |
| Björn Ágústsson, UÍA | 1987 |
| Diðrik Haraldsson, HSK | 1987 |
| Jón G. Guðbjörnsson, UMSB | 1987 |
| Þóroddur Jóhannsson, UMSE | 1987 |
| Guðmundur H. Sigurðsson., USVH | 1991 |
| Hörður S. Óskarsson, Vesturhlíð | 1992 |
| Magndís Alexandersdóttir, HSH | 1992 |
| Þórir Jónsson, UMSB | 1992 |
| Sveinn Jónsson, UMSE | 1992/2002 |
| Dóra Gunnarsdóttir, UÍA | 1993 |
| Reynir G. Karlsson, UMSK | 1993 |
| Finnur Ingólfsson, USVS | 1997 |
| Kristján Yngvason, HSÞ | 1997 |
| Matthías S. Lýðsson, HSS | 1997 |
| Ólína Sveinsdóttir, UMSK | 1997 |
| Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir, USAH | 1997 |
| Sigurbjörn Gunnarsson, Keflavík | 1999 |
| Þórir Haraldsson, HSK | 2000 |
| Ingimundur Ingimundarson, UMSB | 2001 |
| Magnús Jakobsson, UMSB | 2001 |
| Hafsteinn Pálsson, UMSK | 2002 |
| Jóhann Ólafsson, UMSE | 2002 |
| Kristín Gísladóttir, HHF | 2003 |
| Einar K. Jónsson, Vesturhlíð | 2003 |
| Haraldur Þ. Jóhannsson, UMSS | 2004 |
| Ellert B. Schram, ÍSÍ | 2006 |
| Gunnlaugur B. Gunnlaugsson, UMFF | 2006 |
| Arnór Benónýsson, HSÞ | 2006 |
| Páll Ragnarsson, UMSS | 2007 |
| Gunnar Ingi Birgisson, UMSK | 2007 |
| Björn Bjarndal Jónsson, HSK | 2007 |
| Anna R. Möller, UMSK | 2007 |
| Helga G. Guðjónsdóttir, HSK | 2008 |
| Snorri Hjaltason, UMFF | 2008 |
| Sigurður Guðmundsson., UMSK | 2009 |
| Guðmundur Kr. Jónsson, HSK | 2010 |
| Ásdís Helga Bjarnadóttir, UMSB | 2010 |
| Guðmundur Sigurðsson UMSB | 2011 |
| Björn Ármann Ólafsson UÍA | 2012 |
| Jóhann Tryggvason UÍA | 2013 |
| Stefán Þorleifsson UÍA | 2013 |
| Einar Haraldsson Keflavík | 2014 |
| Ester Jónsdóttir UMSK | 2014 |
| Svanur Gestsson UMSK | 2014 |
| Albert Valdimarsson UMSK | 2014 |
| Engilbert Olgeirsson HSK | 2014 |
| Sigfús Haraldur Bóasson HSÞ | 2014 |
| Anna Sigrún Mikaelsdóttir HSÞ | 2014 |
| Ólafur Thordersen UMFN | 2014 |
| Friðrik Pétur Ragnarsson UMFN | 2014 |
| Páll Kristinsson UMFN | 2014 |
| Jón Páll Hreinsson HSV | 2014 |
| Hermann Níelsson HSV/UÍA | 2014 |
| Kári Gunnlaugsson Keflavík | 2015 |
| Hringur Hreinsson UMSE | 2015 |
| Sæmundur Runólfsson USVS | 2015 |
| Snorri Olsen UMSK | 2016 |
| Valdimar Leó Friðriksson UMSK | 2016 |
| Aðalbjörg Valdimarsdóttir USAH | 2016 |

## Starfsmerki UMFÍ

### Keflavík íþrótta- og ungmennafélag

| | |
|---|---|
| Halldóra B. Guðmundsdóttir | 2015 |
| Jón S. Ólafsson | 2015 |
| Einar Helgi Aðalbjörnsson | 2016 |
| Oddur Sæmundsson | 2016 |

### Ungmennafélag Njarðvíkur (UMFN)

| | |
|---|---|
| Thor Hallgrímsson | 2014 |
| Andrés Þórarinn Eyjólfsson | 2014 |

### Ungmennafélagið Þróttur (UMFÞ)

| | |
|---|---|
| Magnús Hersir Hauksson | 2016 |

### Ungmennafélagið Fjölnir (UMFF)

| | |
|---|---|
| Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir | 2014 |
| Örn Pálsson | 2014 |
| Jón Karl Ólafsson | 2015 |

### Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK)

| | |
|---|---|
| Þórður St. Guðmundsson | 2016 |
| Hannes Strange | 2016 |
| Sæmundur Hafsteinn Jóhannesson | 2016 |
| Steinar Lúðvíksson | 2016 |
| Páll Grétarsson | 2016 |

### Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB)

| | |
|---|---|
| Stefán Logi Haraldsson | 2015 |
| Pálmi Ingólfsson | 2016 |

### Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH)

| | |
|---|---|
| Harpa Jónsdóttir | 2014 |

### Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF)

| | |
|---|---|
| Kristrún Guðjónsdóttir | 2016 |

### Héraðssamband Vestfjarða (HSV)

| | |
|---|---|
| Anna Lind Ragnarsdóttir | 2014 |
| Hulda Gunnarsdóttir | 2014 |

### Héraðssamband Strandamanna (HSS)

| | |
|---|---|
| Þorsteinn Newton | 2015 |
| Guðbjörg Hauksdóttir | 2016 |

### Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga (USVH)

| | |
|---|---|
| Anna María Elíasdóttir | 2014 |
| Hulda Einarsdóttir | 2015 |
| Sigrún Þórðardóttir | 2015 |
| Þorleifur Karl Eggertsson | 2016 |

### Ungmennasamband Austur-Húnvetninga (USAH)

| | |
|---|---|
| Hafdís Vilhjálmsdóttir | 2016 |
| Pétur Pétursson | 2016 |
| Valur Magnússon | 2016 |

### Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF)

| | |
|---|---|
| Helga Hermannsdóttir | 2014 |
| Kristján Hauksson | 2014 |
| Guðný Helgadóttir | 2015 |
| Andrés Stefánsson | 2015 |
| Margrét Einarsdóttir | 2016 |
| Sigurður Gunnarsson | 2016 |
| Sigurpáll Gunnarsson | 2016 |

### Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE)

| | |
|---|---|
| Stefán Sveinbjörnsson | 2015 |
| Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir | 2015 |
| Þorgerður Hauksdóttir | 2016 |

### Ungmennafélag Akureyrar (UFA)

| | |
|---|---|
| Ásgeir Már Hauksson | 2016 |

### Héraðssamband Þingeyinga (HSÞ)

| | |
|---|---|
| Freydís Anna Arngrímsdóttir | 2014 |
| Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir | 2014 |
| Jón Þórir Óskarsson | 2015 |
| Magnús Þorvaldsson | 2015 |
| Jóhanna Kristjánsdóttir | 2015 |
| Arngeir Friðriksson | 2016 |

### Ungmenna- og íþróttasamband Austurl. (UÍA)

| | |
|---|---|
| Andrés Skúlason | 2014 |
| Sigurður Aðalsteinsson | 2015 |
| Gunnlaugur Aðalbjarnason | 2015 |
| Einar Björn Kristbergsson | 2016 |

### Ungmennasambandið Úlfljótur (USÚ)

| | |
|---|---|
| Ingólfur Baldvinsson | 2014 |
| Sigrún Sigurgeirsdóttir | 2015 |
| Matthildur Ásmundardóttir | 2016 |

### Ungmennasamband Vestur-Skaftfellssýslu (USVS)

| | |
|---|---|
| Pálmi Kristjánsson | 2015 |

### Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK)

| | |
|---|---|
| Jóhannes Óli Kjartansson | 2014 |
| Bjarnheiður Ástgeirsdóttir | 2014 |
| Guðmundur Jónasson | 2014 |
| Lárus Ingi Friðfinnsson | 2015 |
| Guðmunda Ólafsdóttir | 2015 |
| Bergur Pálsson | 2015 |
| Baldur Gauti Tryggvason | 2016 |
| Stefán Geirsson | 2016 |

### Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK)

| | |
|---|---|
| Íris Fjóla Bjarnadóttir | 2016 |
| Karl Davor Karlsson | 2016 |
| Birna Jóhanna Ragnarsdóttir | 2016 |

Listi yfir þá sem hafa fengið starfsmerki UMFÍ miðast hér aðeins við árin 2014 - 2016. Heildarlista má sjá á www.umfi.is


ARNARLA

# VIÐURKENNINGAR

## HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

23. október 2005, 44. sambandsþing UMFÍ á Egilsstöðum:
HSV – veitt verðlaunin fyrir velheppnað átak í auknu félagsstarfi tengdu getraunastarfi. Framganga HSV er til fyrirmyndar og ætti að vera öðrum sambandsaðilum hvatning til að nýta þá möguleika sem í getraunastarfi felast.

27. október 2006, 35. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Flúðum:
Umf. Skipaskagi – fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf á sviði íþrótta- og ungmennafélagsmála. Keflavík íþrótta- og ungmennafélag – fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

21. október 2007, 45. sambandsþing UMFÍ haldið á Þingvöllum:
Héraðssambandið Skarphéðinn – fyrir framúrskarandi starf að kynningarmálum.

11. október 2008, 36. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stykkishólmi:
HSÞ – veitt verðlaunin fyrir að koma á fót akstursjóði HSÞ.

11. október 2009, 46. sambandsþing UMFÍ haldið í Reykjanesbæ:
UÍA – veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

16 október 2010, 37. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Egilsstöðum:
UMSE – veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

16. október 2011, 47. sambandsþing UMFÍ haldið á Akureyri:
HSV – veitt verðlaun fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið.

13. október 2013, 48. sambandsþing UMFÍ haldið í Stykkishólmi:
HSÞ – veitt verðlauð fyrir kröftugt og metnaðarfullt starf á sviði íþrótta- og æskulýðsmála á sambandssvæðinu í kjölfarið á sameiningu HSÞ og UNÞ.

17. október 2015, 49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal.
HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB OG UDN – veitt verðlaun fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf í tengslum við samstarfsverkefnið SamVest.



## HVAÐ ER SAMVEST?

SamVest er samstarfsverkefni sjö héraðssambanda á Vesturlandi, sunnanverðum Vestfjörðum og Kjalarnesi og gengur samstarfið út á að efla frjálsíþróttaiðkun barna og unglinga á samstarfssvæðinu.

Sem dæmi um samstarfið er samningur við frjálsíþróttadeild FH um að SamVEst fái inni í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika fyrir samæfingar sínar og að deildin sjái SamVest fyrir gestaþjálfurum á samæfingunum.

Aðilar að SamVest eru:
Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB)
Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH)
Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN)
Ungmennafélagið Skipaskagi (USK)
Héraðssambandið Hrafnaflóki (HHF)
Héraðssamband Strandamanna (HSS)
Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK)
Samstarfsaðilar eru Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)
Ungmennafélag Íslands (UMFÍ)



# VIÐURKENNINGAR

## FYRIRMYNDARBIKARINN

Fyrirmyndarbikarinn hefur fylgt Unglingalandsmótum UMFÍ frá upphafi en hann var fyrst afhentur þegar fyrsta mótið var haldið á Dalvík árið 1992. Það er Íþróttanefnd ríkisins sem veitir Fyrirmyndarbikarinn.

Bikarinn er veittur þeim sambandsaðila UMFÍ sem hefur sýnt af sér góða umgengni á keppnisstöðum, tjaldsvæði og á almennum svæðum Unglingamótsdagana auk háttvísi og prúðrar framgöngu, m.a. í keppni og við inngöngu á setningu mótsins. Alla mótsdagana fylgist nefnd með keppendum sambandsaðila og öðrum gestum sambandsaðila UMFÍ og metur frammistöðu þeirra út frá ofangreindum þáttum.

Bikarinn var afhentur í 19. sinn á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016. Bikarinn var venju samkvæmt afhentur rétt í blálok mótsins. Að þessu sinni hlaut bikarinn Ungmennafélag Akureyrar (UFA). Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, tilkynnti að UFA hlyti bikarinnar og afhenti hann síðan Sigurði Magnússyni, formanni UFA.

Ungmennafélag Akureyrar hefur aldrei áður hlotið Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.

## SIGURÐARBIKARINN

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ. Í gerðabók Sigurðarbikarsins segir að hann skuli afhenda að loknu Unglingalandsmóti UMFÍ ár hvert þeim sem heldur mótið og varðveitir viðkomandi félag bikarinn í eitt ár, þ.e.a.s. þar til að loknu næsta Unglingalandsmóti UMFÍ.

Bikarinn ber að líta á sem ótvíræðan virðingarvott af hálfu stjórnar UMFÍ fyrir fjölþætta og frábæra framkvæmd sem skilur eftir sig stórbætta uppbyggingu í mannvirkjagerð til íþrótta- og félagsmálastarfs í héraði og félagslegt átak af margvíslegum toga. Sérstök gerðarbók er tengd Sigurðarbikarnum. Í hana skal fært það sem skiptir máli hverju sinni við afhendingu hans. Á bikarinn er líka festur silfurskjöldur sem í er grafið númer, staðsetning og tímasetning mótsins hverju sinni.

Sigurðarbikarinnar var afhentur í fyrsta sinn að loknu 11. Unglingalandsmóti UMFÍ í Þorlákshöfn árið 2008 og voru gefendur hans Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, og Jónas Ingimundarson, fyrsti formaður Ungmennafélagsins Þórs í Þorlákshöfn.

## UM SIGURÐ GEIRDAL OG BIKARINN

Sigurður Geirdal var fæddur 4. júlí árið 1939 í Grímsey. Hann keppti í frjálsum íþróttum, glímu, sundi og júdó á sínum yngri árum Síðar gegndi hann mörgum trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Fyrir störf sín í þágu íþrótta- og æskulýðsmála hlaut Sigurður Geirdal fjölda viðurkenninga, m.a. heiðurfélagakross UMFÍ, gullmerki Íþróttasambands Íslands, og Frjálsíþróttasambands Íslands, silfurmerki Glímusambands Íslands og júdósambandsins. Hann fékk auk þess viðurkenningar víða fyrir félagsstörf sín frá ungmennafélögum hér á landi og á Norðurlöndunum. Sigurður var framkvæmdastjóri UMFÍ frá árinu 1970 til 1986 og bæjarstjóri í Kópavogi frá árinu 1990 og fram á síðasta dag. Hann lést í nóvember árið 2004, 65 ára að aldri.

Sigurður er sagður hafa átt hvað mestan og bestan þátt í viðgangi UMFÍ á þeim 16 árum sem hann var framkvæmdastjóri og fer því vel að bikarinn beri nafn hans.








## MATMAÐUR UMFÍ

Hefð hefur verið fyrir því síðan árið 1979 að kjörinn sé matmaður þings UMFÍ. Við valið er meðal annars horft til framgöngu þess sem tilnefndur er í matar- og kaffitímum þingsins, hvernig viðkomandi beitir hnífapörum, stíl hans við matborðið og borðsiðir á meðan þingi stendur.

Á sambandsþingi UMFÍ, sem fram fór í Vík í Mýrdal helgina 17.–18. október 2015, féll það í hlut Valdimars Leós Friðrikssonar hjá UMSK að velja matmann þingsins. Valdimar Leó hafði verið valinn matmaður UMFÍ á sambandsþinginu 2013. Hann útnefndi Kristínu Gunnarsdóttur frá UMSB.

Þetta var í fjórða sinn sem matmaður UMFÍ kemur úr röðum UMSB og hefur askurinn, sem fylgir nafnbótinni, aldrei áður verið jafn oft hjá nokkru ungmennafélagi.



# SJÓÐIR UMFÍ

## UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma heitins og UMFÍ. Á tímabili var sjóðnum markaður tekjustofn sem var framlag sambandsaðila UMFÍ. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008. Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008. Styrkirnir voru afhentir í Heydölum í Mjóafirði en þar bjó Pálmi ásamt fjölskyldu sinni. Styrkina hlutu Ungmennafélagið Geisli í Súðavík, Sundfélagið Grettir og Ungmennafélagið Ingólfur.

## REGLUGERÐ UM UMHVERFISSJÓÐ

**1. grein**
Sjóðurinn heitir Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar – formaður 1979–1993. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sem sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan hátt.

**2. grein**
Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

**3. grein**
Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar ásamt ungmennafélagshreyfingunni og aðrir velunnarar.

**4. grein**
Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum, skipuðum af stjórn UMFÍ.

**5. grein**
Úthlutunarreglur: Umsóknir skulu berast á þar til gerðum umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilist til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Umsóknir skulu berast fyrir 15. apríl ár hvert og tilkynnt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár. Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni. Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfaxa og öðrum málgögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins.

**6. grein**
Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skal skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiðslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.

**7. grein**
Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins sem birtist í ársskýrslu UMFÍ.

**8 grein**
Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

**9. grein**
Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á sambandsþingi UMFÍ.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. júlí árið 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratuga skeið. Hann var meðal annars formaður íþróttanefndar USAH árin 1960-1961, í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár og um tíma í stjórn Breiðabliks. Þá var hann í stjórn UMSK og í mörgum landsmótsnefndum bæði á vegum UMSK og UMFÍ. Pálmi sat í varastjórn UMFÍ árið 1969-1973 og var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993. Pálmi lést af slysförum árið 2001. Fjölskylda Pálma setti sjóðinn á laggirnar í minningu hans ásamt ungmennafélagshreyfingunni og öðrum velunnurum.

Stella Guðmundsdóttir (lengst til hægri á myndinni) hlaut Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á Degi íslenskrar náttúru 16. september. Stella er ekkja Pálma og hefur hún byggt upp mikla og góða ferðaþjónustu í Heydal. Viðurkenningunni fylgdu 100.000 krónur sem Stella mátti ráðstafa að vild. Hún ákvað að leggja fjárhæðina til Umhverfissjóðs UMFÍ.

## UMHVERFISVERÐLAUN

1996 Hótel Geysir
1998 Sorpa
1999 Austur-Hérað
2000 Laugarnesskóli
2001 Hvanneyrarstaður
2002 Ferðamálasamtök Vestfjarða
2005 Blái herinn
2016 Guðni Guðmundsson á Þverlæk

## ÚTHLUTANIR ÚR UMHVERFISSJÓÐI 2016

## 1,1 MILLJÓN







# SJÓÐIR UMFÍ

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóðurinn var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson sem var formaður UMFÍ frá árinu 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987. Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina þessa tvo sjóði í einn og ber hann heiti þeirra beggja.

Sjóðnum er markaður tekjustofn sem er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári. Vorið 2016 bárust sjóðnum 61 umsókn upp á tæpar 17,2 milljónir króna. Í apríl ákvað stjórn sjóðsins að úthluta 46 umsóknum um ýmis fjölbreytt mál fjármagni upp á rúmar 4,5 milljónir króna. Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í ágúst 2016 til úthlutunar í nóvember.

## REGLUGERÐ UM FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐ

**1. grein**
Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

**2. grein**
Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

**3. grein**
Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga.

**4. grein**
Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundraðshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.

**5. grein**
Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári, sem næst 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Umsóknir, á þar til gerðu eyðublaði, þurfa að berast fyrir 1. apríl vegna maíúthlutunar og fyrir 1. október vegna úthlutunar í nóvember. Sjóðsstjórn ákveður styrkupphæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun. Fyrir hverja úthlutun skal sjóðstjórn auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og í fjölmiðla. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupphæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

**6. grein**
Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.

**7. grein**
Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur.

**8. grein**
Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birtast árlega í skýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á sambandsþingi eða sambandsráðsfundi.

**9. grein**
Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

**10. grein**
Reglugerð þessari verður aðeins breytt á sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

## ÚTHLUTANIR

Á meðal úthlutana úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ í apríl árið 2016 voru:

Hamar fimleikadeild – þjálfaranámskeið í Slóveníu
Umf Selfoss knattspyrnudeild – Endurmenntun þjálfara EUFA-b, HSV – Vestri körfuknattleiksdeild – Körfuboltaátak fyrir börn í 5.–10. bekk á Suðureyri
Keflavík – Skyndihjálparnámskeið, UMSK – Breiðablik knattspyrnudeild – Kynning á starfsemi deildarinnar, UÍA – Ungmennafélagið Glói – Ljóðahátíðin Haustglæður

**HEILDARÚTHLUTUN ÁRIÐ 2015**
**10,6 MILLJÓNIR**

**ÚTHLUTANIR ÞAÐ SEM AF ER ÁRI 2016**
**4,5 MILLJÓNIR**


Hreyfivika
UMFÍ

# LÖG UMFÍ

## I. kafli: Nafn, fáni og kjörorð

### 1. grein
Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein
Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess.

## II. kafli: Markmið UMFÍ

### 3. grein
Markmið UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Markmiði sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna að líkamlegum og félagslegum þroska félagsmanna sinna með því að gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu. Varðveita menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Starfa í anda friðar og jafnréttis. Vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd. Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra. Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átthaga og ættjörð.

## III. kafli: Réttindi og skyldur

### 4. grein
UMFÍ skiptist í héraðssambönd og ungmennasambönd. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda og ungmennasambanda sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ. Aðilar að UMFÍ skulu hafa heitin „héraðssamband", „ungmennasamband" eða „ungmennafélag" í heiti sínu.

### 5. grein
Inntökubeiðni héraðssambands eða félags í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum þess sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar inntöku, en stjórn UMFÍ getur veitt félagi bráðabirgðaaðild milli þinga. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og héraðssamböndum úr UMFÍ.

### 6. grein
Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

### 7. grein
Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til héraðssambands. Héraðssamband sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skylt er héraðssamböndum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

### 8. grein
Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundi ungmennafélaganna.

## IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

### 9. grein
Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvort ár.
Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.
Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skila skal í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:
1 fulltrúa fyrir 1 – 200 skattskyldra félaga.
1 fulltrúa fyrir 201 – 400 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 800 skattskylda félaga þar yfir en þó með hámarki 17 fulltrúa.
Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn héraðssambanda og ungmennasambanda eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.
Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- **Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.**
- **Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.**
- **Lagabreytingar.**
- **Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.**
- **Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn, kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd, kjósa 2 skoðunarmenn og 2 til vara.**
- **Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.**

### 10. grein
Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar. Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera: Ræða skýrslur næstliðins árs. Afgreiða reikninga liðins árs. Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

### 11. grein
Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.



# LÖG UMFÍ

Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar. Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu a.m.k. þrír fulltrúar frá hverju kjördæmi þar sem starfandi er héraðssamband sem er aðili að UMFÍ. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri menn en þrjá úr hverju kjördæmi. Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar. Stjórn kýs úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi. Verkefni stjórnar skulu vera: Stýra málefnum UMFÍ milli þinga. Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar. Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar. Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ. Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.

### 12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða.

## V. kafli: Landsmót og Unglingalandsmót

### 13. grein

Sambandsþing UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin. Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefnd. Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna: Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar. Aðstaða til keppnisíþrótta sé eins góð og kostur er. Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku. Þau séu vímulaus. Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri. Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

## VI. kafli: Heiðursviðurkenningar

### 14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá menn er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

## VII. kafli: Slit Ungmennafélags Íslands

### 15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða. Á aukaþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukaþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

## VIII. kafli: Lagabreytingar og gildistaka

### 16. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

### 17. grein

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á 49. sambandsþingi UMFÍ 2015.






5.46
5.24

# ÁRSREIKNINGUR

## Til stjórnar og félaga í Ungmennafélagi Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Sigrún Guðmundsdóttir (sign) endurskoðandi — Örvar Omrí Ólafsson (sign) endurskoðandi

**BDO ehf.**

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennafélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Við teljum hann vera í samræmi við lög og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Borghildur Sigurðardóttir — Örn Pálsson

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Breytingar voru gerðar á framsetningu ársreiknings félagsins fyrir árið 2015 en eignarhlutur félagsins í Íslenskri getspá sf. er nú meðhöndlaður sem fjáreign til sölu. Hlutdeildartekjur Ungmennafélags Íslands í afkomu Íslenskrar getspá sem eru umfram móttekinum, arð eru nú færðar, meðal eigin fjár og sýnd með annarri heildarafkomu. Að mati stjórnar félagsins mun þessi framsetning gefa gleggri mynd af rekstrarniðurstöðu ársins og eigin fé félagsins. Að öðru leyti er ársreikningurinn gerður með sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samanburðarfjárhæðum í ársreikningnum hefur verið breytt til samræmis við ofangreindar breytingar á framsetningu.

Tekjur félagsins umfram gjöld á árinu 2015 voru 6,5 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 457.904.503, bókfært eigið fé í árslok er kr. 319.011.135 og er eiginfjárhlutfall félagsins 70,0%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. júlí 2016.

### Í stjórn

Haukur Valtýsson (sign)
**formaður**

Örn Guðnason (sign) — Helga Jóhannesdóttir (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign) — Þorgeir Örn Tryggvason (sign)

Sigurður Óskar Jónsson (sign) — Hrönn Jónsdóttir (sign)

Ragnheiður Högnadóttir (sign) — Björn Grétar Baldursson (sign)

Kristinn Óskar Grétuson (sign) — Guðmundur Sigurbergsson (sign)

**Framkvæmdastjóri**

Auður Inga Þorsteinsdóttir (sign)

# REKSTRARREIKNINGUR

## Rekstrarreikningur ársins 2015

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Ríkisframlag | 3 | 119.757.200 | 109.600.000 |
| Lottó og getraunir | 4 | 161.837.725 | 154.989.746 |
| Aðrar tekjur | 5 | 147.849.017 | 162.849.790 |
| | | **429.443.942** | **427.439.536** |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 6 | 131.473.234 | 119.486.814 |
| Lottó til sambandsaðila | | 126.745.802 | 120.861.899 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 152.849.633 | 143.753.732 |
| Veittir styrkir | | 9.039.791 | 11.912.134 |
| Afskriftir | 9 | 3.522.400 | 8.641.437 |
| | | **422.675.860** | **404.656.016** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | | **6.768.082** | **22.783.520** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Fjármunatekjur | 8 | 7.062.306 | 2.643.925 |
| Fjármagnsgjöld | 8 | (7.344.143) | (1.473.193) |
| | | **(281.837)** | **1.170.722** |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | **6.486.245** | **23.954.242** |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning: | | | |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf | 10 | 30.682,418 | 26.203.455 |
| **Heildarafkoma ársins** | | **37.168.663** | **50.157.697** |

TEKJUR 2015




GJÖLD 2015



# HEILDARYFIRLIT 2015

## Heildaryfirlit um rekstur 2015

| Rekstrartekjur | Skýr. | Aðalsjóður | Laugar | Evrópuskrifstofa | Fræðslu og verkefna sj. | Umhverfis-sjóður | Millideilda viðskipti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisframlag | 3 | 89.800.000 | 17.800.000 | 12.157.200 | | | | **119.757.200** |
| Lottó og getraunir | 4 | 150.607.082 | | | 11.230.643 | | | **161.837.725** |
| Aðrar tekjur | 5 | 68.311.882 | 58.571.597 | 27.315.538 | | 600.000 | (6.950.000) | **147.849.017** |
| | | 308.718.964 | 76.371.597 | 39.472.738 | 11.230.643 | 600.000 | (6.950.000) | **429.433.942** |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 64.838.488 | 41.549.659 | 25.085.087 | | | | **131.473.234** |
| Lottó til sambandsaðila | | 126.745.802 | | | | | | **126.745.802** |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 110.698.533 | 32.104.522 | 13.642.109 | 49.469 | | (3.600.000) | **152.894.633** |
| Veittir styrkir | | | | 708.091 | 10.681.700 | | (3.350.000) | **8.039.791** |
| Afskriftir | 9 | 3.522.400 | | | | | | **3.522.400** |
| | | 305.805.223 | 73.654.181 | 39.435.287 | 10.731.169 | 0 | (6.950.000) | **422.675.860** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | | **2.913.741** | **2.717.416** | **37.451** | **(499.474)** | **600.000** | **0** | **6.768.082** |
| Vaxtatekjur | 8 | 6.729.104 | 2.900 | 8.044 | 941.710 | 322.258 | (941.710) | **7.062.306** |
| Vaxtagjöld, verðb. og gengism. | 8 | (8.012.818) | (149.132) | (123.903) | | | 941.710 | **(7.344.143)** |
| | | (1.283.714) | (146.232) | (115.859) | 941.710 | 322.258 | 0 | **(281.837)** |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | **1.630.027** | **2.571.184** | **(78.408)** | **1.441.184** | **922.258** | **0** | **6.486.245** |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

## Eignir

| Fastafjármunir | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 9 | | |
| Fasteignir | | 118.800.000 | 121.500.000 |
| Bifreiðir | | 1.439.200 | 2.261.600 |
| | | **120.239.200** | **123.761.600** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhluti í íslenskri getspá | 10 | 234.043.841 | 203.361.423 |
| | | **234.043.841** | **203.361.423** |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Óinnheimt vegna sölu á fasteign | 19 | 29.317.095 | 33.869.238 |
| Óinnheimtar kröfur | 11 | 9.689.238 | 10.797.780 |
| Óframkomnar lottótekjur | | 16.691.468 | 11.560279 |
| Verðbréfaeign | 12 | 1.575.101 | 1.800.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 4.142.364 | 3.437.474 |
| Handbært fé | 13 | 42.206.196 | 19.634.449 |
| | | 103.621.462 | 81.099.220 |
| **Eignir** | | **457.904.503** | **408.222.243** |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 14 | 319.011.135 | 281.842.472 |
| **Eigið fé** | | **319.011.135** | **281.842.472** |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | 15 | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 78.723.356 | 81.374.300 |
| Fjármögnunarleigusamningar | | 0 | 2.032.067 |
| | | **78.723.356** | **83.406.367** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Óskipt lottófé | | 13.409.549 | 9.360.339 |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 19.293.283 | 8.849.387 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15,16 | 4.274.565 | 5.839.559 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 23.192.615 | 18.924.119 |
| | | **60.170.012** | **42.973.404** |
| **Skuldir** | | **138.893.368** | **126.379.771** |
| **Eigið fé og skuldir** | | **457.904.503** | **408.222.243** |

EIGNIR




EIGIÐ FÉ OG SKULDIR



# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2015

| Rekstrarhreyfingar | | Skýr. | 2014 |
|---|---|---|---|
| **2013** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 6.486.245 | 23.954.242 |
| | | | |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 3.522.400 | 8.641.437 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | 0 | (18.185.961) |
| Matsbreyting verðbréfaeignar | 12 | (6.081.546) | (18.185.961) |
| Verðbætur langtímalána | | 1.749.114 | 961.418 |
| Endurgreiddur fjármagnskostnaður | | 0 | (6.821.719) |
| | | 5.676,213 | 6.749.417 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (175.394) | 6.252,837 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskudlir | | 18.761.601 | (9.125.742) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **24.262.421** | **3.876.512** |
| | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Seldur Þrastalundur | | 0 | 46.786.430 |
| Seldir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | | 0 | 3.945.265 |
| Seld fjárfestingaverðbréf | | 6.306.445 | 1.657.943 |
| | | 6.306.445 | 52.389.638 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (7.997.119) | (59.615.863) |
| | | (7.997.119) | (59.615.863 |
| | | | |
| **Hækkun/(Lækkun) handbærs fjár** | | **22.571.747** | **(3.349.713)** |
| | | | |
| Handbært fé í upphafi árs | | 19.634.449 | 22.984.162 |
| Handbært fé í lok árs | | **42.206.196** | **19.634.449** |

## VELTUFJÁRHLUTFALL

## 1,72

## EIGINFJÁRHLUTFALL

## 70%

# SKÝRINGAR

## 1. Starfsemi

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er "Ræktun lýðs og lands" og kjörorðið er "Íslandi allt". Sambandsaðilar eru 18 héraðssambönd og 11 félög með beina aðild. Alls eru um 300 félög innan UMFÍ með yfir 100 þúsund félagsmenn. UMFÍ leggur áherslu á að allir geti verið með, og að þátttaka er lífsstíll.
Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu (e. Available-for-sale) til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metinn samkvæmt hlutdeildaraðferð og er því færður á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hlutdeild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, val réttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. Ríkisframlag

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Ríkisframlag - UMFÍ | 80.900.000 | 70.900.000 |
| Ríkisframlag - ULM | 8.900.000 | 8.900.000 |
| Ríkisframlag - Laugar | 17.800.000 | 17.800.000 |
| Ríkisframlag - EUF | 12.157.200 | 12.000.000 |
| | **119.757.200** | **109.600.000** |

## 4. Lottó og getraunir

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Lottótekjur - UMFÍ | 149.207.082 | 142.280.463 |
| Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður | 11.230.643 | 10.709.283 |
| Getraunir 1X2 | 1.400.000 | 2.000.000 |
| | **161.837.725** | **154.989.746** |

## 5. Aðrar tekjur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Önnur framlög | 46.892.644 | 46.361.668 |
| Kostunaraðilar | 11.890.000 | 15.761.747 |
| Sölutekjur | 11.591.243 | 12.412.155 |
| Leigutekjur | 9.249.203 | 8.852.098 |
| Þátttökugjöld | 62.020.894 | 57.511.264 |
| Ýmsar tekjur | 6.205.033 | 2.880.236 |
| Söluhagnaður | 0 | 18.652.488 |
| | **147.849.017** | **162.849.790** |

## 6. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Laun | 101.986.039 | 96.095.172 |
| Tryggingagjald | 583.624 | (398.028) |
| Lífeyrissjóður | 9.045.924 | 8.666.199 |
| Sjóðagjöld - mótframlag | 10.131.580 | 9.084.518 |
| Áunnið orlof, breyting | 1.831.888 | 1.668.257 |
| Annar starfsmannakostnaður | 7.894.179 | 4.370.696 |
| | **131.473.234** | **119.486.814** |
| Stöðugildi að meðaltali | 17 | 17 |

## 7. Annar rekstrarkostnaður

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Húsnæðiskostnaður | 19.360.688 | 22.580.017 |
| Rekstur áhalda og tækja | 3.705.275 | 3.202.591 |
| Ferðakostnaður og rekstur bifreiða | 18.361.200 | 18.175.413 |
| Skrifstofukostnaður | 7.788.586 | 6.570.788 |
| Stjórnun og umsýsla | 20.459.435 | 12.117.018 |
| Kynning og útbreiðsla | 23.657.371 | 20.696.722 |
| Skinfaxi | 6.468.276 | 6.613.696 |
| Erlend samskipti | 8.080.545 | 6.835.750 |
| Mótahald | 30.803.752 | 32.396.305 |
| Rekstur ungmennabúða | 14.209.505 | 14.098.905 |
| Tap af sölu fastafjármuna | 0 | 466.527 |
| | **152.894.633** | **143.753.732** |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur | 980.760 | 1.281.157 |
| Matsbreyting verðbréfa | 6.081.546 | 1.362.758 |
| | **7.062.306** | **2.643.915** |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vextir og greiddar verðbætur | 5.080.577 | 6.814.324 |
| Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum | 212.753 | 362.481 |
| Áfallnar verðbætur | 1.749.114 | 961.418 |
| Gengistap | 301.699 | 156.689 |
| Endurgreiddur fjármagnskostnaður | 0 | (6.821.719) |
| | **7.344.143** | **1.473.193** |





## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir. | Bifreiðir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun ............................ | 135.000.000 | 5.140.000 | 140.140.000 |
| Selt og aflagt á árinu ...................... | 135.000.000 | 5.140.000 | 140.140.000 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun ............................ | 13.500.000 | 2.878.000 | 16.378.400 |
| Afskrift ársins ................................ | 2.700.000 | 822.400 | 3.522.400 |
| Staða í árslok .................................. | **16.200.000** | **3.700.000** | **19.900.000** |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun ............... | 121.500.000 | 2.261.600 | 123.761.600 |
| Bókfært verð í árslok ..................... | **118.800.000** | **1.439.200** | **120..239.200** |
| Afskriftarhlutföll ............................ | 2% | 20% | |

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir.
Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 118,8 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 83 milljónum króna.
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir - Reykjavík ........................................................................................ | 95.150.000 | 190.072.000 |
| Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi ...................................................................................... | 2.300.000 | 1.933.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar ................................................................................................. | 0 | 22.177.000 |






## 10. Eignarhluti í Íslenskri getspá

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþrótta- og ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

| | Hlutdeild | Nafnverð |
|---|---|---|
| Íslensk getspá sf. | 13,33% | 440.864 |

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 203.361.423 | 177.157.968 |
| Hlutdeild í afkomu | 191.120.143 | 181.193.201 |
| Arður | (160.437.725) | (154.989.746) |
| Staða í árslok | **234.043.841** | **203.361.423** |

## 11. Óinnheimtar kröfur

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast.
Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 11.510.687 | 11.585.935 |
| Niðurfærsla krafna | (1.821.449) | (788.155) |
| | **9.689.238** | **10.797.780** |

Niðurfærslureikningur viðskiptakrafna greinist þannig á árinu:

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs | 788.155 | 1.601.266 |
| Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur | (3.081.139) | (1.990.519) |
| Framlag á niðurfærslureikning viðskiptakrafna | 4.114.433 | 1.177.408 |
| | **1.821.449** | **788.155** |

## 12. Verðbréfaeign

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 1.800.000 | 1.657.943 |
| Matsbreyting verðbréfaeigna | (6.306.445) | (1.657.943) |
| Greitt á árinu | 6.081.546 | 1.177.408 |
| Staða í árslok | **1.575.101** | **1.800.000** |

## 13. Aðrar peningalegar eignir

### Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.780.612 | 335.998 |
| Óframkomin framlög og styrkir | 2.361.752 | 3.101.476 |
| | **4.142.364** | **3.437.474** |

### Handbært fé

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 38.323.579 | 19.196.251 |
| Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt | 3.882.617 | 438.198 |
| | **42.206.196** | **19.634.449** |

## 14. Eigið fé

Yfirlit yfir eigið fé 2014

| | Eignarhluti í ísl. getspá | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í upphafi árs | 177.157.968 | 54.526.807 | 231.684.775 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 23.954.242 | 23.954.242 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár | 26.203.455 | | 26.203.455 |
| Eigið fé í lok árs | **203.361.423** | **78.481.049** | **281.842.472** |

Yfirlit yfir eigið fé 2015

| | Eignarhluti í ísl. getspá | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í upphafi árs | 203.361.423 | 78.481.049 | 281.842.472 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 6.486.245 | 6.486.245 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár | 30.682.418 | | 30.682.418 |
| Eigið fé í lok árs | **234.043.841** | **84.967.294** | **319.011.135** |

## 15. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
| Skuldir í ISK – verðtryggðar | 82.997.921 | 89.245.926 |
| | 82.997.921 | 89.245.926 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (4.274.565) | (5.839.559) |
| Langtímaskuldir í árslok | **78.723.356** | **83.406.367** |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir viðlánastofnanir |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 4.274.565 |
| Afborganir 2016 | 4.274.565 |
| Afborganir 2017 | 4.274.565 |
| Afborganir 2018 | 4.274.565 |
| Afborganir 2019 | 4.274.565 |
| Afborganir síðar | 61.625.096 |
| | **82.997.921** |

Í lok apríl 2016 greiddi félagið 30 milljónir króna inná langtímaskuldir umfram ákvæði lánaskilmála.

## 16. Aðrar peningalegar skuldir

| Viðskiptaskuldir | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 19.293.283 | 8.849.387 |
| | **19.293.283** | **8.849.387** |

| Aðrar skammtímaskuldir | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 23.993 | 45.377 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 11.230.465 | 9.175.367 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 232.856 | 273.768 |
| Ógreiddir styrkir | 9.523.000 | 8.753.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 2.182.301 | 676.607 |
| | **23.192.615** | **18.924.119** |

| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 4.274.565 | 5.122.110 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 0 | 717.449 |
| | **4.274.565** | **5.839.559** |

## 17. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Félagið á verðbréf og eignarhluti í félögum sem stofnuð voru til að verja hagsmuni þess vegna verðbréfaviðskipta. Verðbréf þessi eru að fullu afskrifuð en komið hefur í ljós að nokkrar endurheimtur hafa átt sér stað á þeim. Endurheimturnar eru því tekjufærðar þegar þær berast til félagsins.

Í upphafi ársins 2016 fékk félagið greiddar eftirstöðvar af kröfu vegna sölu á Þrastalundi frá árinu 2014. Andvirði greiðslunnar var ráðstafað til greiðslu inn á langtímaskuldir félagsins.

## 18. Fræðslu- og verkefnasjóður

### Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| **Tekjur** | | |
| Lottótekjur | 11.230.643 | 10.709.283 |
| | 11.230.643 | 10.709.283 |
| **Gjöld** | | |
| Veittir styrkir | 10.681.700 | 11.912.134 |
| Annar kostnaður | 49.469 | 11.922 |
| | 10.731.169 | 11.924.056 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | **499.474** | **1.214.773** |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld):** | | |
| Vaxtatekjur | 941.710 | 508.970 |
| | 941.710 | 508.970 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.441.184** | **(705.803)** |

### Efnahagsreikningur

| **Eignir** | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Krafa á eigin sjóði | 25.715.934 | 23.304.750 |
| | **25.715.934** | **23.304.750** |

**Eigið fé og skuldir**

| **Eigið fé** | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Eigið fé 01.01 | 14.951.750 | 15.657.553 |
| Afkoma ársins | 1.441.184 | (705.803) |
| | **16.392.934** | **14.951.750** |
| **Skuldir:** | | |
| Ógreiddir styrkir | 9.323.000 | 8.353.000 |
| | 9.323.000 | 8.353.000 |
| | **25.715.934** | **23.304.750** |

## 29. Umhverfissjóður

### Rekstrarreikningur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| **Tekjur** | | |
| Önnur framlög | 565.665 | 565.665 |
| | 565.665 | 565.665 |
| **Gjöld** | | |
| Annar kostnaður | 0 | 11.923 |
| | 0 | 11.923 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | **600.000** | **553.742** |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld)** | | |
| Vaxtatekjur | 322.258 | 326.530 |
| | 322.258 | 326.530 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **922.258** | **880.272** |

### Efnahagsreikningur

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Handbært fé | 12.865.872 | 12.143.614 |
| | 12.865.872 | 12.143.614 |
| **Eigið fé og skuldir** | | |
| **Eigið fé** | **31.12.2015** | **31.12.2014** |
| Eigið fé 01.01 | 11.743.614 | 10.863.342 |
| Afkoma ársins | 922.258 | 880.272 |
| | **12.665.872** | **11.743.614** |
| **Skuldir** | | |
| Ógreiddir styrkir | 200.000 | 400.000 |
| | 200.000 | 400.000 |
| | **12.865.872** | **12.143.614** |

## Samanburður rekstrar við áætlun

| | 2015 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Ríkisframlag | 119.757.200 | 109.600.000 |
| Lottó og getraunir | 161.837.725 | 171.500.000 |
| Aðrar tekjur | 147.849.017 | 148.480.000 |
| Rekstrartekjur alls | **429.443.942** | **429.580.000** |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 131.473.234 | 117.884.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 152.894.633 | 150.246.000 |
| Lottó til sambandsaðila | 126.745.802 | 134.300.000 |
| Veittir styrkir | 8.039.791 | 12.600.000 |
| Afskriftir | 3.522.400 | 6.700.000 |
| Rekstrargjöld alls | **422.675.860** | **421.730.000** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | **6.768.860** | **7.850.000** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | |
| Fjármagnstekjur | 7.062.306 | 560.000 |
| Fjármagnsgjöld | (7.344.143) | (7.523.000) |
| | (281.837) | (6.963.000) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | **6.486.245** | **887.000** |
| **Önnur heildarafkoma** | | |
| Liðir sem verða færðir yfir rekstarreikning: | | |
| Hlutdeild í afkomu íslenskrar getspár | 30.682.418 | 20.000.000 |
| **Heildarafkoma ársins** | **37.168.663** | **20.887.000** |


Ég er sjálfboðaliði
UMFÍ
Ég er sjálfboðaliði
UMFÍ
Ég er Sjálfboðaliði
UMFÍ
Ég er sjálfboðaliði
UMFÍ
www.umfi.is

# LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI

## LANDMÓT UMFÍ

1. Akureyri 17. júní 1909
2. Reykjavík 17. – 25. júní 1911
3. Reykjavík 17. – 24. júní 1914
4. Haukadal 22. – 23. júní 1940
5. Hvanneyri 26. – 27. júní 1943
6. Laugum 6. – 7. júní 1946
7. Hveragerði 2. – 3. júlí 1949
8. Eiðum 5. – 6. júlí 1952
9. Akureyri 2. – 3. júlí 1955
10. Þingvöllum 29. – 30. júní 1957
11. Laugum 1. – 2. júlí 1961
12. Laugarvatni 3. – 4. júlí 1965
13. Eiðum 13. – 14. júlí 1968
14. Sauðárkróki 10. – 11. júlí 1971
15. Akranesi 11. – 13. júlí 1975
16. Selfossi 21. – 23. júlí 1978
17. Akureyri 10. – 12. júlí 1981
18. Keflavík og Njarðvík 13. – 15. júlí 1984
19. Húsavík 10. – 12. júlí 1987
20. Mosfellsbæ 12. – 15. júlí 1990
21. Laugarvatni 14. – 17. júlí 1994
22. Borgarnesi 3. – 6. júlí 1997
23. Egilsstöðum 12. – 15. júlí 2001
24. Sauðárkróki 12. – 15. júlí 2004
25. Kópavogi 5. – 8. júlí 2007
26. Akureyri 9. – 12. júlí 2009
27. Selfossi 4. – 7. júlí 2013

## UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

1. Dalvík 10. – 12. júlí 1992
2. Blönduósi 14. – 16. júlí 1995
3. Grafarvogi 3. – 5. júlí 1998
4. Vesturbyggð og Tálknafirði 4. – 6. ágúst 2000
5. Stykkishólmi 2. – 4. ágúst 2002
6. Ísafirði 1. – 3. ágúst 2003
7. Sauðárkróki 30. júlí – 1. ág 2004
8. Vík í Mýrdal 29. – 31. júlí 2005
9. Laugum 4. – 6. ágúst 2006
10. Höfn í Hornafirði 3. – 5. ágúst 2007
11. Þorlákshöfn 1. – 3. ágúst 2008
12. Sauðárkróki 31. júlí – 2. ágúst 2009
13. Borgarnesi 29. júlí – 1. ágúst 2010
14. Egilsstöðum 29. – 31. júlí 2011
15. Selfossi 3.–5. ágúst 2012
16. Höfn í Hornafirði 2.–4. ágúst 2013
17. Sauðárkróki 1.–3. ágúst 2014
18. Akureyri 30. júlí – 2. ágúst 2015
19. Borgarnesi 28.–31. júlí 2016

## LANDSMÓT UMFÍ 50+

1. Hvammstanga 24. – 26. júlí 2011
2. Mosfellsbæ 8.–10. júní 2012
3. Vík í Mýrdal 7. – 9. júní 2013
4. Húsavík 20.–22. júní 2014.
5. Blönduósi 26.–28. júní 2015
6. Ísafirði 10.–12. júní 2016











# SAMBANDSAÐILAR

### HSB – HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR
Stofnað 15. desember 1982
Formaður: Jenný Hólmsteinsdóttir

### HSH – HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU
Stofnað 24. september 1922

### HSS – HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA
Stofnað 19. nóvember 1944
Formaður: Vignir Örn Pálsson

### HSÞ – HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA
Stofnað 31. Október 1914
Formaður: Anita Karin Guttesen

### HSV – HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA
Stofnað 30. apríl 2000
Formaður: Guðný Stefanía Stefánsdóttir

### HHF – HÉRAÐSSAMBAND HRAFNA-FLÓKI
Stofnað febrúar 1971
Formaður: Lilja Sigurðardóttir

### HSK – HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
Stofnað 14. maí 1910
Formaður: Guðríður Aadnegard

### UÍA – UNGMENNA OG ÍÞRÓTTASAMBAND AUSTURLANDS
Stofnað 28. júní 1941
Formaður: Gunnar Gunnarsson

### UÍF – UNGMENNA OG ÍÞRÓTTASAMBAND FJALLABYGGÐAR
Stofnað 25. maí 2009 með sameiningu ÍBS & UÍÓ
Formaður: Þórarinn Hannesson

### USAH – UNGMENNASAMBAND AUSTUR HÚNVETNINGA
Stofnað 30. mars 1912
Formaður: Rúnar Aðalbjörn Pétursson

### UMSB – UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR
Stofnað 26. apríl 1912
Formaður: Sólrún Halla Bjarnadóttir

### UDN – UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG NORÐUR BREIÐFIRÐINGA
Stofnað 24. maí 1918
Formaður: Heiðrún Sandra Grettisdóttir

### UMSE – UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR
Stofnað 8. apríl 1922
Formaður: Bjarnveig Ingvadóttir

### UMSK – UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS
Stofnað 19. nóvember 1922
Formaður: Valdimar Leó Friðriksson

### UMSS – UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
Stofnað 17. apríl 1910
Formaður: Sylvía Magnúsdóttir

### USVS – UNGMENNASAMBAND VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Stofnað 21. júní 1970
Formaður: Þorsteinn M. Kristinsson

### USVH – UNGMENNASAMBAND VESTUR- HÚNVETNINGA
Stofnað 28. júní 1931
Formaður: Reimar Marteinsson

### USÚ – UNGMENNASAMBANDIÐ ÚLFLJÓTUR
Stofnað 28. maí 1932
Formaður: Jóhanna Íris Ingólfsdóttir

## FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD AÐ UMFÍ

### KEFLAVÍK, ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNASAMBAND
Stofnað 29. september 1929
Formaður: Einar Haraldsson

### UFA – UNGMENNAFÉLAG AKUREYRAR
Stofnað 5. apríl 1988
Formaður: Sigurður Magnússon

### UMFG – UNGMENNAFÉLAG GRINDAVÍKUR
Stofnað 13. febrúar 1935
Formaður: Sigurður Enoksson

### UMFK – UNGMENNAFÉLAG KJALNESINGA
Stofnað stofnað 26. maí 1938
Formaður: Ásdís Hallgrímsdóttir

### UMFN – UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
stofnað: 10.apríl 1944
Formaður: Ólafur Eyjólfsson

### UMFF – UNGMENNAFÉLAGIÐ FJÖLNIR
Stofnað 11. febrúar 1988
Formaður: Jón Karl Ólafsson

### UMFÓ – UNGMENNAFÉLAGIÐ ÓÐINN
Stofnað 6. mars 1989
Formaður: Örvar Guðni Arnarsson

### USK – UNGMENNAFÉLAGIÐ SKIPASKAGI
Stofnað 1961
Formaður: Anna Bjarnadóttir

### V – UNGMENNAFÉLAGIÐ VESTURHLÍÐ
Stofnað 27. maí 1987
Formaður: Einar Kristján Jónsson

### UV – UNGMENNAFÉLAGIÐ VÍKVERJI
Stofnað 9. október 1964
Formaður: Árni Unnsteinsson

### UMFÞ – UNGMENNAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR
Stofnað 23. október 1932
Formaður: Gunnar Helgason